



Skýrsla
Þjóðaröryggisráðs
um framkvæmd
þjóðaröryggisstefnu
fyrir Ísland

Skýrsla
Þjóðaröryggisráðs
um framkvæmd
þjóðaröryggisstefnu
fyrir Ísland

2018

Gefið út af þjóðaröryggisráði
í október 2018

ISBN 978-9935-482-02-0

EFNI

(Smellið á efnislið til að fara á viðkomandi stað)

Formáli forsætisráðherra

Hér gefur að líta fyrstu skýrslu Þjóðaröryggisráðs um framkvæmd þjóðaröryggis-
stefnu fyrir Ísland. Það er hlutverk þjóðaröryggisráðs að hafa eftirlit með því að
framkvæmd hennar sé í samræmi við ályktun Alþings.

Markmið þjóðaröryggisstefnu fyrir Ísland er að tryggja sjálfstæði Íslands og full-
veldi og tryggja friðhelgi landamæra Íslands, öryggi landsmanna og vernd
grunnvirkja og innviða. Stefnan var samþykkt á Alþingi í apríl 2016 eftir langan
aðdraganda og vandaðan undirbúning. Stefnan felur í sér breiða sýn á þjóðar-
öryggi og áherslu á friðsamlegar lausnir, afvopnun, virðingu fyrir mannréttindum
og réttarríkinu, jafnrétti kynjanna og baráttu gegn ójöfnuði, hungri og fátækt. Hún
tekur til fleiri og flóknari þátta en áður hefur tíðkast á Íslandi. Stefnan byggist á
virku alþjóðasamstarfi sem miðar að því að tryggja almannaoöryggi og samvinnu
við önnur ríki og innan alþjóðastofnana og tryggja þannig öryggi þjóðarinnar.

Skilningur á því hvað felst í öryggishugtakinu hefur tekið miklum breytingum á
undanförnum tveimur áratugum. Þættir á borð við hnattræna þróun, tækniþróun,
loftlagsbreytingar, náttúruvá og skipan alþjóðasamstarfs skipa nú veigameiri
sess en áður. Mögulegar ógnir við þjóðaröryggi og viðbrögð við þeim verða
óhjákvæmilega að skoðast í samhengi við alþjóðlega þróun og í samvinnu við
aðrar þjóðir en einnig í góðri sátt okkar sem hér búum.

Við lifum á umbrotatímum og stöndum frammi fyrir nýjum áskorunum. Þær krefjast
í mörgum tilvikum endurmats á viðteknum hugmyndum og sjónarmiðum í öryggis-
málum í þeirri viðleitni okkar að standa vörð um öryggi þjóðarinnar. Afleiðingar og
áhrif þessarar þróunar þarf að meta á hverjum tíma. Sumt er fyrirsjáanlegt, annað
ekki. Við þurfum að vera opin fyrir því að endurmeta verklag og forgangsroðun og
við verðum að vera fær um að bregðast hratt við fyrirsjáanlegu sem ófyrirsjáan-
legu ástandi.

Skýrslan er unnin í góðri samvinnu við þau ráðuneyti sem bera ábyrgð á fram-
kvæmd stefnunnar hvert á sínu málefnasviði. Eðli máls samkvæmt eru verkefni
mislangt á veg komin. Skýrslan er hins vegar efnismikil og endurspeglar það við-
tæka starf sem fer fram á vegum íslenskra stjórnvalda hér heima og í samstarfi við
önnur ríki sem miðar að því að standa vörð um þá hagsmuni sem liggja þjóðar-
öryggisstefnunni til grundvallar.

Katrín Jakobsdóttir
forsætisráðherra og formaður þjóðaröryggisráðs

Inngangur

Þjóðaröryggisráð hefur eftirlit með því að þjóðaröryggisstefna fyrir Ísland sé framkvæmd í samræmi við ályktun Alþingis nr. 26/145, sem samþykkt var á Alþingi 13. ágúst 2016. Þjóðaröryggisráði ber að upplýsa Alþingi árlega um framkvæmd þjóðaröryggisstefnunnar, sbr. lög um þjóðaröryggisráð, nr. 98/2016.

Þjóðaröryggisstefna fyrir Ísland felur í sér 11 áherslur sem allar hafa jafnt vægi. Þær eru:

1. Að tryggja víðtæka öryggishagsmuni Íslands með virku alþjóðasamstarfi á grundvelli **alþjóðalaga og með friðsamlega lausn deilumála**, afvopnun, virðingu fyrir mannréttindum og réttarríkinu, jafnrétti kynjanna og baráttu gegn ójöfnuði, hungri og fátækt að leiðarljósi.
2. Að horft verði sérstaklega til **umhverfis- og öryggishagsmuna Íslands á norðurslóðum** í alþjóðasamvinnu og innlendum viðbúnaði.
3. Að aðild Íslands að **Atlantshafsbandalaginu** verði áfram lykilstoð í vörnum Íslands og meginvettvangur vestrænnar samvinnu sem Ísland tekur þátt í á borgaralegum forsendum til að efla eigið öryggi og annarra bandalagsríkja.
4. Að **varnarsamningur** Íslands og Bandaríkjanna frá 1951 tryggi áfram varnir Íslands og áfram verði unnið að þróun samstarfsins á grundvelli samningsins þar sem tekið verði mið af hernaðarlegum ógnum, sem og öðrum áhættuþáttum þar sem gagnkvæmir varnar- og öryggishagsmunir eru ríkir.
5. Að efla og þróa enn frekar **norræna samvinnu** um öryggis- og varnarmál og annað samstarf grannríkja sem lýtur að svæðisbundnum hagsmunum og þátttöku í alþjóðasamstarfi á því sviði.
6. Að tryggja að í landinu séu **varnarmannvirki**, búnaður, geta og sérfræðisekkning til að mæta þeim áskorunum sem Ísland stendur frammi fyrir í öryggis- og varnarmálum og til að uppfylla alþjóðlegar skuldbindingar Íslands.
7. Að stefna stjórnvalda í **almanavarna- og öryggismálum**, sem mótuð er af almanavarna- og öryggismálaráði, sé hluti af þjóðaröryggisstefnu fyrir Ísland og þar verði tekið mið af ógnum sem tengjast loftslagsbreytingum, náttúruhamförum, fæðu- og matvælaöryggi, heilbrigðisöryggi og farsóttum.
8. Að stuðla að auknu **netöryggi** með áframhaldandi uppbyggingu á eigin getu og í samstarfi við önnur ríki.
9. Að stefna stjórnvalda taki mið af **öðrum ógnum** sem þarfnast fullrar athygli, svo sem hryðjuverkum, skipulagðri glæpastarfsemi og ógnum við fjármála- og efnahagsöryggi.
10. Að Ísland og íslensk landhelgi sé **friðlýst fyrir kjarnavopnum**, að teknu tilliti til alþjóðlegra skuldbindinga, í því augnamiði að stuðla að afvopnun og friði af Íslands hálfu.

11. Að sett verði á laggirnar með sérstökum lögum **þjóðaröryggisráð** sem meti ástand og horfur í öryggis- og varnarmálum með reglulegum hætti, hafi eftirlit með framfylgd þjóðaröryggisstefnunnar, endurspegli þá breiðu sýn á þjóðaröryggi sem birtist í stefnunni og standi fyrir endurskoðun hennar eigi sjaldnar en á fimm ára fresti.

Framkvæmd einstakra áhersluþátta þjóðaröryggisstefnunnar fellur undir ábyrgðarsvið mismunandi ráðuneyta. Kveðið er á um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í forsetaúrskurði hverju sinni.

Í samræmi við eftirlitsskyldur ráðsins óskaði þjóðaröryggisráð með bréfi, dags. 16. nóvember 2017, eftir greinargerðum utanríkisráðuneytis, dómsmálaráðuneytis og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis um hvernig ráðuneyti, undirstofnanir þeirra og opinber hlutafélög á málefnasviði viðkomandi ráðuneyta hafa unnið að framkvæmd þjóðaröryggisstefnu fyrir Ísland. Var tekið fram að gert væri ráð fyrir því við samningu greinargerðarinnar að samráð yrði haft við önnur ráðuneyti ef þörf krefði.

Hér á eftir fer skýrsla um framkvæmd þjóðaröryggisstefnu fyrir Ísland frá samþykkt stefnunnar til seinni hluta ársins 2018. Skýrslan er byggð á greinargerðum ráðuneyta um framkvæmd hvers áhersluþátta stefnunnar. Þess var óskað að ráðuneytin fjölluðu um eftirfarandi atriði varðandi einstaka áhersluþætti þjóðaröryggisstefnunnar:

1. Gerð grein fyrir því hvernig unnið hafi verið að framkvæmd áhersluþátta.
2. Lagt mat á þann árangur sem hafi verið náð.
3. Komið á framfæri nýjum upplýsingum eða öðru sem varði framgang markmiða sem sett eru.
4. Gerð grein fyrir nauðsynlegum umbótum á næstu 12 mánuðum til þess að ná bættum árangri.

Greinargerðir ráðuneyta fara hér á eftir um framkvæmd einstakra áhersluþátta þjóðaröryggisstefnunnar.

Fyrsti áherslupáttur

1

„Að tryggja víðtæka öryggishagsmuni Íslands með virku alþjóðasamstarfi á grundvelli **alþjóðalaga og með friðsamlega lausn deilumála**, afvopnun, virðingu fyrir mannréttindum og réttarríkinu, jafnrétti kynjanna og baráttu gegn ójöfnuði og fátækt að leiðarljósi.“

Greinargerð utanríkisráðuneytisins fer hér á eftir.

1.1. Gerð grein fyrir því hvernig íslensk stjórnvöld hafa unnið að framkvæmd fyrsta áherslupáttar

1.1.1. Alþjóðasamstarf

Íslensk stjórnvöld hafa í alþjóðasamstarfi lagt höfuðáherslu á að alþjóðalög og sáttmálar séu virt og að samstarf við nágranna- og vinahljóðir og bandamenn sé traust. Þá er lögð áhersla á að íslensk stjórnvöld ræki skyldur sínar innan þeirra alþjóðastofnana sem Ísland á aðild að.

Víðtækir öryggishagsmunir í alþjóðasamstarfi byggjast á nánnum tengslum friðar, öryggis og þróunar. Friðvænlegt umhverfi er forsenda langtímauppbyggingar og efnahagslegra framfara. Utanríkisþjónustan og íslensk stjórnvöld hafa í vinnu sinni á vettvangi alþjóðastofnana og í samstarfi við erlend ríki lagt sitt lóð á vogarskálarnar og unnið af festu á grunni þessa áherslupáttar þjóðaröryggisstefnunnar.

1.1.2. Alþjóðalög og friðsamleg lausn deilumála

Ísland leggur ríka áherslu á virðingu fyrir alþjóðalögum, samningum og sáttmálum á vettvangi alþjóðastofnana og í fjölþjóðlegu samstarfi. Hinir ýmsu alþjóðasamningar Sameinuðu þjóðanna skilgreina réttindi og skyldur aðildarríkja og stuðla að friði og öryggi. Þá er öryggisráð Sameinuðu þjóðanna (SP) mikilvægasti vettvangur ákvarðanatöku um öryggismál á heimsvísu. Öll aðildarríki eru bundin af ákvörðunum öryggisráðsins sem teknar eru á grundvelli VII. kafla stofnsáttmála Sameinuðu þjóðanna til að varðveita alþjóðafrið og öryggi, þ.m.t. með þvingunaraðgerðum gegn ríkjum eða öðrum aðilum.

Á vettvangi Atlantshafsbandalagsins hefur Ísland m.a. fordæmt brot Rússa á sjálfsákvörðunarrétti Úkraínu og talað gegn ólögumætri innlimun Krímskaga. Jafnframt hefur verið stutt við sátta- og samningaferli til að stuðla að vopnahléi og lausnum í austurhluta Úkraínu. Ísland lagði til fulltrúa í vopnahléseftirlit í austurhluta Úkraínu undir stjórn Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu (ÖSE) árin 2014 og 2015 í því skyni að lægja öldur, stöðva átök og stuðla að friði.

Ísland hefur talað á alþjóðavettvangi fyrir friðsamlegum lausnum í deilumálum, t.d. að því er varðar lönd fyrir botni Miðjarðarhafsins, eins og t.a.m. í Sýrlandi, Jemen og

Vestur-Sahara. Ísland tekur reglulega þátt í opnum umræðum á vettvangi öryggisráðsins hjá Sameinuðu þjóðunum í New York um málefni Miðausturlanda. Ísland leggur til sérfræðinga í verkefni á sviði friðargæslu og til uppbyggingar þekkingar og samstarfs innan stjórnkerfa veikburða ríkja, m.a. í Afganistan og Georgíu.

1.1.3. Afvopnun

Ísland tekur þátt í nefnd allsherjarþings SP um afvopnunarmál og starfar m.a. náið með hópi ríkja sem stefna að útrýmingu kjarnavopna innan rammisamnings um bann við útbreiðslu kjarnavopna (Treaty on the Non-Proliferation of Nuclear Weapons). Í samvinnu við Norðurlöndin talar Ísland einnig fyrir útrýmingu allra geryðingarvopna.

Á vettvangi Atlantshafsbandalagsins hefur Ísland ávallt stutt áherslur sem stuðla að því að hamla útbreiðslu vopna, fækkun geryðingarvopna og samtal og samráð þar sem mögulegt er. Í yfirlýsingu leiðtogafundar bandalagsins, sem haldinn var í Varsjá 2016 er skýrt áréttað að unnið skuli að kjarnavopnalausum heimi, en bandalagið verði með kjarnorkugetu á meðan slík vopn séu til.

Síðastliðið ár hefur Ísland gegnt vaxandi hlutverki á þessum vettvangi innan Atlantshafsbandalagsins með því að taka þátt í starfi nefndar um afvopnunarmál og bjóðast til að vera gestgjafi ráðstefnu Atlantshafsbandalagsins um afvopnun og geryðingarvopn. Ráðstefnan verður haldin hér á landi í lok október 2018.

Ísland hefur undanfarið ár lagt aukna áherslu á virka þátttöku og ábyrgð í mikilvægum samningum um afvopnunarmál. Ísland tók að sér, ásamt Írlandi, að gegna sameiginlegri formennsku í alþjóðlega eftirlitskerfinu með flugskeytatækni (Missile Technology Control Regime, MTCR) 2017–2018 en samstarfið snýst um að takmarka útbreiðslu eldflaugatækni fyrir burðarkerfi vopna, þ.m.t. geryðingarvopna. Starf formennskuríkanna og stefna var kynnt í fastaráði NATO í febrúar sl. og var af Íslands hálfu og fleiri ríkja lögð áhersla á að styrkja alþjóðasamninga og eftirfylgni þeirra á þessu sviði.

Ísland tekur þátt í umræðu á vettvangi Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu (ÖSE), Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar (International Atomic Energy Agency, IAEA) og undirbúningsstjórnar samningsins um allsherjarbann við tilraunum með kjarnavopn (Comprehensive Nuclear-Test-Ban Treaty, CTBT). ÖSE gegnir mikilvægu hlutverki við eflingu öryggis, mannréttinda, lýðræðis og varna gegn átökum í þátttökuríkjunum og byggist umræðan á vettvangi stofnunarinnar á þremur alþjóðasamningum: Samningnum um hefðbundinn herafli í Evrópu, Vínarskjalinu, sem skilgreinir m.a. ramma um tilkynningar um öryggismál, fyrirhugaðar heræfingar og viðskipti með smá- og léttvopn, og samningnum um opna lofthelgi (Treaty on Open Skies).

Efnavopnastofnunin í Haag (Organisation for the Prohibition of Chemical Weapons, OPCW) gegnir því meginhlutverki að sjá um framkvæmd á samningnum um efnavopn en samkvæmt honum er þróun, framleiðsla og geymsla efnavopna sem og beiting þeirra bönnuð. Eyðing yfirlýstra birgða efnavopna hefur gengið vel frá gildistöku samningsins 29. apríl 1997. Ísland hefur skipað sérstakan fastafulltrúa við stofnunina og er hann staðsettur í utanríkisráðuneytinu. Fundir eru sóttir með reglubundnum hætti.

Þróun mála að undanförmu, sbr. árásir í Sýrlandi og Bretlandi á árinu 2018 hefur varpað skugga á framkvæmd samningsins og þann árangur sem náðst hefur við eyðingu efnavopnabirgða í heiminum, m.a. í Sýrlandi árið 2014. Vegna þessa hefur Efnavopnastofnunin ítrekað þurft að bregðast við það sem af er árinu 2018 og hið sama átti við á síðasta ári. Ísland hefur tekið þátt í þessari vinnu.

1.1.4. Mannréttindi og réttarríkið

Ísland beitir sér markvisst fyrir aukinni virðingu fyrir mannréttindum og réttarríkinu á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Ísland var kjörið í mannréttindaráð SP í kosningu á allsherjarþingi SP í New York 13. júlí 2018. Ísland tekur sæti Bandaríkjamanna sem sögðu sig úr ráðinu fyrr í sumar. Kjörtímabil Ísland nær til ársloka 2019 en þetta er í fyrsta skipti sem Ísland er kjörið í ráðið. Ísland mun leggja áherslu á jafnréttismál, réttindi hinsegin fólks (LGBT+) og réttindi barna. Þá mun Ísland leggja áherslu á umbætur í starfsemi ráðsins.

Ísland hefur jafnframt beitt sér í málaflokknum í svokölluðu fyrirtökufæri mannréttindaráðsins (Universal Periodic Review) þar sem einstök ríki eru tekin fyrir og einnig í umræðum um almenna gæslu mannréttinda. Til að mynda beitti Ísland sér einkum fyrir að stjórnvöld á Filippseyjum létu af ómannúðlegum aðferðum við framkvæmd stefnu sinnar í svokölluðu stríði þeirra gegn fíkniefnum og hættu aftökum tafarlaust. Þá tók Ísland að sér formennsku í mannréttindanefnd allsherjarþingsins á síðasta ári þar sem m.a. er fjallað um mikilvægi þess að grundvallarmannréttindi séu virt og stöðu mannréttinda í Sírylandi, Jemen og Norður-Kóreu.

Undanfarna áratugi hefur verið lögð áhersla á heildstæða nálgun í aðgerðum Atlantshafsbandalagsins þar sem haldist í hendur friðargæsla og stöðvun átaka, en einnig hefur uppbygging stjórnkerfis í veikburða ríkjum verið studd auk þess sem horft hefur verið til öryggismála og uppbyggingar innviða. Í þessu starfi er höfð hliðsjón af mannréttindum og virðingu fyrir réttarríkinu. Ísland hefur stutt aðgerðir og verkefni sem bandalagið sinnir, m.a. með því að leggja til sérfræðinga sem starfa með stjórnvöldum á vettvangi, t.d. í Georgíu og Afganistan, og með fjárframlögum til sjóða sem styrkja uppbyggingarverkefni.

Á vettvangi ÖSE hefur Ísland, innan mannréttindaviddarinnar svokölluðu, einnig beitt sér fyrir aukinni virðingu fyrir mannréttindum og réttarríkinu. Þá tekur Ísland reglulega þátt í kosningaeftirliti ÖSE og stjórnvöld hafa átt í samstarfi við Lýðræðis- og mannréttindaskrifstofu ÖSE (ODIHR) um fræðslu varðandi mansalsmál.

Í júlí 2017 náðist samstaða á óformlegum utanríkisráðherrafundi ÖSE um skipun Ingi-bjargar Sólrúnar Gísladóttur, fyrrverandi utanríkisráðherra, í stöðu framkvæmdastjóra Lýðræðis- og mannréttindaskrifstofu ÖSE. Skrifstofa stofnunarinnar er í Varsjá og þar starfa nú tveir fulltrúar í íslensku utanríkisþjónustunni.

1.1.5. Jafnrétti kynjanna

Ísland var eitt af fyrstu aðildarríkjum Sameinuðu þjóðanna til að gera sérstaka landsáætlun á árinu 2008 um framkvæmd ályktunar öryggisráðs SP nr. 1325 um konur, frið og öryggi, sem samþykkt var á vettvangi SP á árinu 2000. Ályktunin mælir fyrir um að öryggisráðið skuli beita sér markvisst fyrir aukinni þátttöku kvenna í fyrirbyggjandi aðgerðum og friðarferli og friðaruppbyggingu að loknum átökum. Landsáætlunin var endurnýjuð árið 2013 og er vinnu við gerð þriðju landsáætlunar Íslands nýlokið.

Jafnréttismál eru ein af grunnstoðum í stefnu Íslands í utanríkismálum og er unnið að þeim í samræmi við áætlun um framkvæmd ályktunar öryggisráðs SP nr. 1325. Í því felst að íslenskir fulltrúar skuli tala fyrir málefnum hvenær sem tækifæri gefst, einkum á vettvangi alþjóðastofnana, búi að og miðli þekkingu, stuðli að viðburðum og áherslum sem miða að markmiðum jafnréttis og hvetji til aukinnar þátttöku beggja kynja í því starfi.

Veigamikill hluti af starfsemi fastanefndar Íslands hjá SP snýr að eflingu jafnréttis í aðildarríkjum og er Ísland öflugur málsvari kynjajafnréttis og valdeflingar kvenna. Ísland tekur m.a. virkan þátt í starfi allsherjarþingsins og efnahags- og félagsmálaráðsins (United Nations Economic and Social Council, ECOSOC) þar sem þessi málefni eru rædd og leitast við að tryggja að í þeim málaflokkum sem jafnréttismál eru alla jafna ekki rædd séu þau sett á dagskrá.

Ísland tekur einnig virkan þátt í árlegum kvennafundi SP (Commission on the Status of Women) og styður markvisst við starf Stofnunar SP um kynjajafnrétti og valdeflingu kvenna (United Nations Entity for Gender Equality and the Empowerment of Women, UN Women). Utanríkisráðherra skrifaði m.a. undir rammisamning við UN Women í febrúar 2018 um áframhaldandi samstarf íslenskra stjórnvalda og UN Women. Forseti Íslands tók í desember 2017 við hlutverki sem einn af talsmönnum HeForShe-átaksins af fráfarandi forsætisráðherra.

Ísland hefur um árabil verið meðal forysturíkja í Atlantshafsbandalaginu varðandi jafnréttismál, aukna þátttöku kvenna í starfi og ákvarðanatöku bandalagsins og verið virkur aðili í stefnumótun, áætlanagerð og innleiðingu ályktunar Öryggisráðs SP nr. 1325 í bandalaginu. Ísland vann að því að koma á laggirnar stöðu sérstaks fulltrúa framkvæmdastjóra bandalagsins, sem sinnir sérstaklega málefnum sem tengjast ályktun 1325. Var stöðunni komið á fót á árinu 2014 og hefur Ísland frá upphafi lagt til sérfræðing í starfslíð fulltrúans. Virk þátttaka í undirbúningi, stefnumörkun og vinnu við aðgerðaáætlun Atlantshafsbandalagsins um ályktun 1325 hefur einnig verið í forgrunni starfs fastanefndar í samstarfi innan bandalagsins. Jafnréttis- og kynjaráðgjafar hafa verið sendir til starfa á vettvangi í Afganistan síðastliðin ár og þeir hafa starfað með yfirmönnum verkefnisins og stjórnvöldum í Kabúl.

Ísland hefur beitt sér innan ÖSE, á vettvangi mannréttindaáætlunar sérstaklega, á sviði jafnréttis kynjanna og varðandi framkvæmd ályktunar Öryggisráðs SP nr. 1325. Ekki hefur tekist að ná samstöðu innan ÖSE um framkvæmd hennar, m.a. vegna andstöðu nokkurra þátttökuríkja. Þrátt fyrir það heldur Ísland jafnan á lofti mikilvægi kynjajafnréttis og valdeflingar kvenna á vettvangi ÖSE.

Rakarastofuráðstefnur (Barbershop conference), sem miða sérstaklega að því að karlar taki virkari þátt í umræðu um jafnréttismál, hafa verið haldnar í alþjóðastofnunum eins og t.a.m. Atlantshafsbandalaginu, ÖSE, Eystrasaltsráðinu, Sameinuðu þjóðunum, Evrópuráðinu og Norrænu ráðherranefndinni.

Jafnrétti kynjanna, mannréttindi og sjálfbær þróun eru leiðarljós í þróunarsamvinnu Íslands. Lögð er áhersla á að aukin hagsæld samfélaga skili sér til þeirra fátækustu og leiði til aukins jafnaðar. Þá er unnið að því að styðja við óstöðug ríki og þau fátækustu og stuðla að friði á alþjóðavettvangi.

Þá tók Ísland þátt í að stofna tengslanet norrænna kvenna á sviði friðarumleitana (Nordic Women Mediators) og vinnur ötullega að því að byggja það upp á alþjóða-vettvangi.

1.1.6. Barátta gegn ójöfnuði og fátækt

Framkvæmd þróunarsamvinnu fer fram í samstarfi við samstarfslönd (tvíhliða samstarf), fjölþjóðastofnanir og borgarasamtök og lögð er áhersla á skýra forgangsriðun.

Tvíhliða samstarfslönd Íslands eru tvö, Malaví og Úganda. Unnið er samkvæmt samstarfsáætlunum við þessi ríki, einkum í samstarfi við sveitarstjórnir, og veittur stuðningur.

ur í samræmi við getu og færni þeirra til að tryggja skilvirka grunnþjónustu við fátækt fólk. Jafnframt styðja Íslensk stjórnvöld uppbyggingarstarf í öðrum ríkjum með þátttöku í fjölþjóðastofnunum og með samstarfi við borgaraleg samtök, m.a. í Mósambík, Afganistan og Palestínu, og í ríkjum þar sem áhrifa flóttamannavandans gætir hvað mest, svo sem í Sýrlandi. Í fjölþjóðlegri þróunarsamvinnu er lögð áhersla á stuðning við fjórar lykilstofnanir: Alþjóðabankann, Barnahjálp SP (UNICEF), Stofnun SP um kynjajafnrétti og valdeflingu kvenna (UN Women) og Háskóla Sameinuðu þjóðanna (HSP). Hvað mannúðaraðstoð áhrærir er lögð áhersla á stuðning við Matvælaáætlun SP (World Food Programme, WFP), Neyðarsjóð SP (Central Emergency Respond Fund, CERF) og samræmingarskrifstofu SP í mannúðarmálum (United Nations Office for the Coordination for Humanitarian Affairs, OCHA).

Íslensk stjórnvöld beita sér jafnframt fyrir samhæfingu mannúðaraðstoðar, þróunarsamvinnu og uppbyggingu friðar og tekur starf Íslands á sviði mannúðarmála mið af alþjóðlegu samkomulagi um góða starfshætti í mannúðaraðstoð og skuldbindingum Íslands frá leiðtogafundi SP um mannúðarmál sem fram fór í Ístanbul 2016. Í því sambandi verður horft til þess að styrkja tengslin á milli starfs Íslands á sviði mannúðarmála og þróunarsamvinnu með markvissum hætti, ekki síst í því skyni að takast á við orsakir og afleiðingar aukinna fólksflutninga og flóttamannavanda.

Aðild að Sameinuðu þjóðunum er helsti grundvöllur þróunarsamvinnu Íslands og Heimsmarkmið SP um sjálfbæra þróun varða veginn. Heimsmarkmið SP eru 17 talsins með 169 undirmarkmiðum og beinast að hvort tveggja í senn, innanlandsstarfi og starfi Íslands á alþjóðavettvangi.

Ísland tók að sér formennsku í nefnd á vettvangi SP um félagslega þróun (Commission for Social Development), lagði fram drög og stýrði samningaviðræðum um ályktun um mögulegar leiðir til að vinna gegn fátækt. Á vettvangi allsherjarþingsins leiddi Ísland einnig samningaviðræður um ályktun um eyðimerkurmyndun og landgræðslu sem fjallar um sjálfbæra þróun. Þetta starf er mikilvægt í baráttunni gegn hungursneyð, baráttu fyrir bættri næringu og stuðlar að sjálfbærri nýtingu lands. Í samvinnu við Namibíu stýrir Ísland einnig hópi aðildarríkja SP um landgræðslumál.

1.2. Árangur sem náðst hefur varðandi framkvæmd fyrsta áhersluþátta

Ísland hefur markað sér mikilvæga stöðu á vettvangi alþjóðastofnana eins og SP, Atlantshafsbandalagsins og ÖSE sem öflugur málsvari kynjajafnréttis og valdeflingar kvenna.

Á vettvangi SP kom Ísland m.a. að fimm málþingum á 62. kvennafundi SP og skrifaði utanríkisráðherra undir rammasamning við Stofnun Sameinuðu þjóðanna um kynjajafnrétti og valdeflingu kvenna (UN Women). Dæmi um viðurkenningu á leiðandi stöðu Íslands í jafnréttismálum er að forseti Íslands er í hópi tíu þjóðarleiðtoga sem „Impact Gender Champions“ í HeforShe-átaki UN Women en hverju sinni taka tíu þjóðarleiðtogar þátt í átakinu sem miðar að því að karlar beiti sér í baráttunni fyrir jafnrétti kynjanna á öllum sviðum. Auk þjóðarleiðtoganna taka á sama tíma tíu forstjórar alþjóðafyrirtækja og tíu háskólarektorar þátt í átakinu.

Á vettvangi Atlantshafsbandalagsins hefur Ísland markað sér mikilvæga stöðu með virkri þátttöku í stefnumótun, áætlanagerð og innleiðingu ályktunar öryggisráðs SP nr. 1325 með því að leggja til jafnréttis- og kynjaráðgjafa hjá alþjóðastarfsliði í höfuðstöðvum og í verkefni í Afganistan. Þá hefur Ísland staðið fyrir Rakarastofuráðstefnum, m.a. í höfuðstöðvum Atlantshafsbandalagsins í Brussel og á vettvangi ÖSE í Vín.

Á vettvangi SP hefur Ísland styrkt stöðu sína hvað varðar málefni hafsins, landgræðslu og sjálfbæra orku. Ísland gegnir formennsku í tveimur nefndum SP, annars vegar í þriðju nefnd allsherjarþingsins um mannréttindamál og hins vegar í nefnd um félagslega þróun, og hefur þannig fengið tækifæri til að hafa aukin áhrif innan stofnunarinnar og öðlast viðurkenningu annarra ríkja fyrir að leggja sitt af mörkum á vettvangi SP. Ísland hefur þar að auki markað sér stöðu sem ríki sem berst fyrir friðsamlegum og sanngjörnum lausnum á deilumálum, m.a. milli Palestínu og Ísraels og í málefnum Vestur-Sahara, og er í hópi ríkja sem leita raunhæfra leiða til að útrýma kjarnavopnum. Þá hefur Ísland, á vettvangi Atlantshafsbandalagsins, talað fyrir stuðningi við veikburða ríki og heildstæðri nálgun og uppbyggingu þjálfunar og innviða.

Ísland varð aðili að þróunarsamvinnunefnd Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu (Development Assistance Committee, DAC) árið 2013 að undangenginni sérstakri rýni á þróunarsamvinnu Íslands. Árið 2016 var komið að fyrstu reglubundnu jafningjaryrningi um íslenska þróunarsamvinnu fyrir tímabilið 2013–2016, en slík rýni fer fram á um fimm ára fresti eftir stöðluðu verklagi og reglum DAC. Niðurstöður rýnnar sýna fram á að íslenskum stjórnvöldum hafi tekist á skilvirkan hátt að forgangsraða í þágu þeirra sem minnst mega sín og nýta styrkleika Íslands í þróunarsamvinnu. Fram kemur að Ísland hafi nýtt smæð sína í stefnumótun og framkvæmd, t.d. með þátttöku í alþjóðasamstarfi á ýmsum sviðum þar sem áhrif Íslands eru umtalsverð og rödd Íslands er sterkari en stærðin segir til um, svo sem á sviði kynjajafnréttis, jarðhita, landgræðslu og fiskimála. Þá sýna niðurstöðurnar fram á að árangur, gagnsæi og ábyrgð einkenni þróunarsamvinnu Íslands og að fyrirkomulag, aðferðir og stefnumið séu til þess fallin að leiða til framfara í samstarfslöndum. Í niðurstöðum skýrslunnar eru settar fram tillögur um hvernig íslensk stjórnvöld megi bæta þróunarsamvinnu enn frekar. Tillögurnar eru nú til skoðunar og er vinna nú þegar hafin við að bregðast við þeim. Til stendur að flestum breytingum verði lokið fyrir miðannaryni DAC árið 2019 eins og kveðið er á um í skýrslu stýrihóps um utanríkisþjónustu til framtíðar.

Til að bregðast við örum breytingum á vettvangi alþjóðamála og þeim áskorunum og tækifærum sem þær hafa í för með sér beitti utanríkisráðherra sér fyrir yfirgripsmiklu endurmati á starfsemi utanríkisþjónustunnar, sbr. skýrslu utanríkisráðherra, „Utanríkisþjónusta til framtíðar. Hagsmunagæsla í síbreytilegum heimi¹. Með þessari skýrslu og tillögugerð er mörkuð heildstæð sýn á hvernig megi efla þátttöku íslenskra stjórnvalda í alþjóðasamstarfi með bættu verklagi og nýtingu mannauðs til þess að takast á við nýjar áskoranir í alþjóðamálum. Þegar hafa verið gerðar breytingar á skipulagi utanríkisþjónustunnar í því augnamiði að auka skilvirkni hennar og sveigjanleika og nýta betur fjármuni og mannauð.

1.3. Nýjar upplýsingar sem kunna að varða framgang markmiða fyrsta áhersluþáttar

Hjá SP er nú unnið að endurbótum á aðferðafræði í þróunarmálum, á skipulagi friðaraðgerða og friðaruppbyggingu og á stjórnunarháttum SP. Farsæl útkoma þessarar vinnu mun gera SP kleift að gegna sínu mikilvæga hlutverki næstu árin.

Nokkur viðamikil samningaferli á vettvangi SP, sem varða hagsmuni Íslands, halda áfram á árinu 2018. Haustið 2016 var samþykkt á sérstökum leiðtogafundi allsherjarþings SP ályktun um málefni flóttafólks og fagenda (migrants). Með ályktuninni ákváðu aðildarríki SP að stefna að gerð tveggja nýrra alþjóðlegra samninga, annars vegar

¹ Utanríkisþjónusta til framtíðar. Hagsmunagæsla í síbreytilegum heimi <https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=0b9c002e-279d-11e8-9426-9de2a61c0e2d>

um málefni flóttafólks (Global Compact on Refugees) og hins vegar örugga, skipulagða og reglubundna fólksflutninga (Global Compact for safe, orderly and regular migration). Markmiðið er að bæta viðbrögð alþjóðasamfélagsins við fólksflutningum (flóttafólks og farenta) í ljósi þess ört vaxandi fjölda fólks sem nú er á flótta eða faraldsfæti og ekki sér fyrir endann á. Stefnt er að því að samningurinn um málefni flóttafólks verði lagður fyrir allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna haustið 2018 og að samningurinn um örugga, skipulagða og reglubundna fólksflutninga verði samþykktur á leiðtogafundi í desember 2018, sem haldinn verður í Marokkó.

Lögð verður áhersla á að efla núverandi kerfi samninga sem tryggja eftirlit, hömlur á þróun geryðingarvopna og tilraunir með þau og hamla því að eldflaugatækni sem nýtist til að bera slík vopn nái frekari útbreiðslu. Áfram verður unnið náið með samstarfsríkjum í undirbúningi á endurskoðun á rammasmunungi um bann við útbreiðslu kjarnavopna 2020.

Mikilvægt verður að tryggja framkvæmd á Heimsmarkmiðum SP en Ísland mun á sérstökum fundi Sameinuðu þjóðanna sumarið 2019 (svokölluðum High-Level Policy Forum) gera grein fyrir árangri sínum á því sviði.

1.4. Nauðsynlegar umbætur á næstu 12 mánuðum við framkvæmd fyrsta áhersluþátta

Stefna á sviði alþjóðlegrar þróunarsamvinnu til fimm ára verður lögð fram á haustþingi 2018 ásamt aðgerðaáætlun til tveggja ára og skýrslu um framkvæmd þróunarsamvinnuáætlunar 2013–2016. Framangreint er í samræmi við ákvæði laga nr. 121/2008 um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands. Unnið verður úr tillögum til úrbóta sem fram koma í jafningjarýni DAC og verður þeirri vinnu lokið fyrir miðannarrýni DAC sem fram fer árið 2019.

Innleiðing Heimsmarkmiðanna er veigamikill þáttur allrar umræðu á vettvangi SP og vegvísir fastanefndar Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum næstu árin. Markmiðin snerta þróunarmál í víðasta skilningi.

Mikilvægt er að festa í sessi langtímastefnu um fjárveitingar til undirstofnana SP með hæfilegri árlegri aukningu en um leið að tryggja sveigjanleika til að gera Íslandi kleift að bregðast við áköllum eftir fjárstuðningi í brýnum mannúðarmálum.

Jafnframt er mikilvægt að tryggja fjárveitingar til virkari þátttöku í störfum Atlantshafsbandalagsins til lengri tíma, með hæfilegri árlegri aukningu til að hægt sé að marka langtímastefnu og byggja upp sérfræðipækkingu á þeim sviðum sem Ísland getur lagt sitt af mörkum með borgaralegu framlagi. Langtímaáætlun um áherslur væri gagnleg til að festa í sessi og undirbúa þátttöku í sérhæfðari verkefnum og á sérhæfðari sviðum með þátttöku fulltrúa og sérfræðinga í starfi og á fundum eða eftir atvikum með tímabundinni kostun starfsmanna til starfa innan alþjóðastofnana, m.a. Atlantshafsbandalagsins, SP og ÖSE.

2

„Að horft verði sérstaklega til **umhverfis- og öryggishagsmuna Íslands á norðurslóðum** í alþjóðasamvinnu og innlendum viðbúnaði.“

Greinargerð utanríkisráðuneytisins fer hér á eftir.

2.1. Gerð grein fyrir því hvernig íslensk stjórnvöld hafa unnið að framkvæmd annars áherslupáttar

Velferð og öryggi íbúa á norðurslóðum er nátengt vistkerfinu og líffræðilegum fjölbreytileika svæðisins. Öryggismál á norðurslóðum eru þannig margslungið viðfangsefni. Í þeim felast m.a. fæðuöryggi, efnahagsleg afkoma, heilsufar, verndun og nýting náttúrugæða og menningararfs.

Á árinu 2016 kom út á vegum forsætisráðuneytisins skýrslan „Hagsmunir Íslands á norðurslóðum – Tækifæri og viðsjár“². Markmiðið með gerð hagsmunamatsins er að kortleggja helstu hagsmuni Íslands í margslungnu umhverfi norðurslóða og styrkleika og veikleika vegna þátttöku í samstarfi þjóða á norðurslóðum. Má þar helst nefna bæði þau alþjóðapólitísku og efnahagslegu tækifæri sem felast í þróun norðurslóða og áskoranir sem tengjast þeim – einkum þær er lúta að umhverfismálum. Hagsmunamatinu er þannig ætlað að vera innlegg í umræðuna um málaflokkinn.

Afkoma eyþjóðar í norðurhöfum byggist ekki síst á góðu alþjóðasamstarfi. Í þingsályktun um stefnu Íslands í málefnum norðurslóða, nr. 20/139, sem samþykkt var á Alþingi 28. mars 2011, er m.a. kveðið á um að efla beri og styrkja Norðurskautsráðið sem mikilvægasta samráðsvettvanginn um málefni norðurslóða. Á þeim rúmlega tveimur áratugum sem Norðurskautsráðið hefur starfað hafa aðildarríkin átta gert með sér bindandi samninga um leit og björgun á norðurskautssvæðinu, viðbrögð við olíumengun í sjó og nú nýverið um að bæta alþjóðlegt vísindasamstarf um norðurslóðir. Þessu til viðbótar hefur Norðurskautsráðið m.a. sinnt margvíslegu starfi við að afla, greina og gera aðgengilegar vísindalegar upplýsingar um allt norðurskautssvæðið, svo sem haf, hafís, snjóalög, veðurfar, loftslagsbreytingar, lífríki, sífrera, ástand umhverfis, þær áskoranir sem fólkið á svæðinu býr við, tækifæri, ógnir og fleira og stuðla þannig að upplýstri ákvarðanatöku til velfarnaðar fyrir íbúana í umhverfislegu, efnahagslegu og félagslegu tilliti.

Fyrsti samningurinn um leit og björgun á norðurslóðum, sem skrifað var undir á ráðherrafundi í Nuuk árið 2011, leiddi til þess að hafist var handa við að kanna fýsileika þess að setja á stofn björgunarmiðstöð á Íslandi. Á vegum innanríkisráðherra var unnin

²Hagsmunir Íslands á norðurslóðum – Tækifæri og viðsjár https://www.stjornarradid.is/media/forsaetisraduneyti-media/media/skyrslur/hagsmunamat_skyrsla-lr-.pdf

skýrsla um björgun og öryggi í norðurhöfum³ sem út kom árið 2016. Í skýrslu utanríkisráðherra, Utanríkisþjónusta til framtíðar Hagsmunagæsla í síbreytilegum heimi, er lagt til að „[u]nnið verði í samráði við dómsmálaráðuneytið að útfærslu og uppbyggingu björgunar og viðbragðsklása á Íslandi í samræmi við niðurstöður starfshóps frá 2016 um björgun og öryggi í norðurhöfum“.

Annar samningurinn, um viðbrögð við olíumengun í hafi, undirritaður í Kiruna 2013, tekur á málefni sem í áður nefndri skýrslu forsætisráðuneytisins um hagsmuni Íslands á norðurlóðum er metið „[h]elsta ógnin á norðurlóðum [og] felst í hættunni af umhverfisslysum vegna auðlindanýtingar og aukinnar skipaumferðar skemmtiferðaskipa og olíuflutningaskipa“.

Æfingar með tilliti til beggja fyrrnefndra samninga eru haldnar með reglulegu millibili og annast vinnuhópur Norðurskautsráðsins varnir, viðbúnað, viðbrögð og utanumhald þeirra í samráði við strandgæslur ríkjanna. Landhelgisgæsla Íslands tekur þátt í samstarfinu fyrir Íslands hönd.

Landhelgisgæsla Íslands er einnig aðili að Strandgæsluráði Norðurskautsríkja (Arctic Coast Guard Forum) sem fundar u.þ.b. fjórum sinnum á ári. Helstu áherslumál samstarfsins hafa hingað til verið tengd leit og björgun, svo sem samræmdir leitarferlar, fjöldabjörgun og fjarskipti í aðgerðum. Strandgæsluráðið stendur einnig fyrir árlegum æfingum og rannsóknarverkefnum tengdum öryggismálum á norðurlóðum. Landhelgisgæslan á enn fremur formlegt samstarf við samtök skemmtiferðaskipa á norðurlóðum (Association of Arctic Expedition Cruise Operators) um aukið öryggi farþega og ferðamanna á norðurlóðum. Samstarfið felur í sér reglulega fundi sem og árlega tveggja daga skrifborðsæfingu (Annual Joint Arctic SAR TTX) og ráðstefnu sem haldin er í Reykjavík. Hinn árlegi viðburður er skipulagður af fastanefnd skipaðri fulltrúum Landhelgisgæslunnar, AECO og björgunarstjórnstöðvar Norður-Noregs, ásamt þátttöku annarra lykilaðila á norðurlóðum, svo sem bandarísku strandgæslunnar.

Oftast nær er um að ræða svokallaðar skrifborðsæfingar, en þó hefur ein æfing í leit og björgun á vettvangi verið haldin á vegum Strandgæsluráðs Norðurskautsríkjanna, „Arctic Guardian 2017“. Þeirri æfingu var stýrt frá Íslandi og voru æfð neyðartilvik í hafi milli Íslands og Grænlands. Öll átta norðurlóðaríkin tóku þátt í æfingunni. Meðal niðurstaðna þeirrar æfingar var að brýna nauðsyn ber til að bæta fjarskipti á norðurlóðum. Hafsvæðin eru víðfeðm og landstöðvar draga ekki yfir þau auk þess sem fjarskiptaskuggar gervihnatta lengjast eftir því sem norðar dregur. Það þýðir stopult eða ekkert fjarskiptasamband á stórum haf- og landsvæðum. Viðbragðstími mun að líkindum alltaf verða langur vegna fjarlægða, en ekki bætir úr skák að ekki er síma-, talstöðvar-, eða netsamband á svo stóru hafsvæði þar sem skipaumferð eykst jafnt og þétt. Endurvarpsstöðvar á landi koma að takmörkuðu gagni til að bæta fjarskipti, en árangur gæti náðst með tilkomu samstarfs norðurskautsríkjanna við gervihnattaverkefni Geimvísindastofnunar Evrópu (European Space Agency, ESA) sem lýst hefur yfir áhuga á norðurlóðum.

Innan Norðurskautsráðsins er starfandi verkefnahópur um bætt fjarskipti á norðurlóðum. Hópurinn mun skila skýrslu vorið 2019. Líklegt er að íslenski formennsku í Norðurskautsráðinu verði falið að þróa starf hópsins áfram á tímabilinu 2019–2021.

Aukin skipaumferð um norðurhöf eykur líkur á mengunarslysum sem geta haft óaftur-

³Björgun og öryggi í norðurhöfum. Skýrsla stýrihóps innanríkisráðherra <https://www.stjornarradid.is/media/innanrikisraduneyti-media/media/frettir-2016/BjorgunarmidstodSkýrsla.pdf>

kræf áhrif á lífríki hafsins, ekki síður en hlýnun loftslags (og þar með sjávar), og haft afleiðingar sem varða bæði fæðuöryggi og efnahagslegt öryggi þjóðarinnar. Rannsóknir og vöktun eru mikilvægar í þessu samhengi og nýr samningur norðurskautsríkjanna um bætt alþjóðlegt samstarf á sviði vísindarannsókna á norðurlóðum og aðgengi að rannsóknarniðurstöðum er skref í átt til úrbóta. Ísland fullgilti samninginn í janúar 2018.

Fram kemur í skýrslu stýrihóps innanríkisráðherra, Björgun og öryggi í norðurhöfum⁴, sem kom út 2016, að mengunarvöktun er takmörkuð. Hún felst aðallega í eftirliti með gervitunglamyndum frá Siglingaöryggisstofnun Evrópu (European Maritime Safety Agency, EMSA) og eftirlitsflugi vélar Landhelgisgæslunnar, sem er eina flugvélin á svæðinu sérstaklega útbúin til slíks eftirlits. Enn fremur er varðskipið Þór eina skipið með mengunarvarnabúnað á svæði sem teygir sig austur af Kanada og vestur til Nor-egs. Í skýrslunni er gerð ítarleg grein fyrir þróun á norðurlóðum og þeim áskorunum sem Ísland stendur frammi fyrir; annars vegar vegna þjóðréttarlegra skuldbindinga sem ríkið hefur undirgengist á sviði leitar og björgunar og mengunarvarna og hins vegar vegna takmarkaðrar viðbragðsgetu vegna áfalla á svæðinu.

Á vegum Atlantshafsbandalagsins hefur verið unnið markvisst að greiningu og skoðun á breyttu öryggisumhverfi, m.a. á Norður-Atlantshafi, vegna samgönguleiða yfir hafið, flutninga og fjarskipta. Sú vinna hefur m.a. orðið til þess að á leiðtogafundi Atlantshafsbandalagsins í júlí sl. var samþykkt að gera breytingar á herstjórnarkerfi bandalagsins. Breytingarnar fela m.a. í sér að sett verður upp herstjórnarmiðstöð í Norfolk í Bandaríkjunum, en meginverkefni miðstöðvarinnar verður öryggismál og samgönguleiðir á Norður-Atlantshafi. Ísland hefur enn fremur unnið að öðrum greiningar- og matsverkefnum innan bandalagsins sem tryggja betri yfirsýn, upplýsingar og mat á öryggismálum, viðbúnaði og leitar- og björgunargetu sem þyrfti að vera fyrir hendi til að tryggja sem best viðbúnað og viðnámsþrek á þessu svæði.

Árlega eru haldnar mikilvægar æfingar í samstarfi við Atlantshafsbandalagið, sem Landhelgisgæslan stjórnar og hefur yfirumsjón með, en nánar vísast til umfjöllunar um 4. áherslupátt.

Gildistaka reglna Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (International Maritime Organization, IMO) í ársbyrjun 2016 um smíði og búnað skipa er sigla um heimskautsvæðin (Polar Code) er liður í að auka siglingaöryggi. Aukið samstarf norrænna veðurstofa, svo sem Veðurstofu Íslands við dönsku veðurstofuna og samstarf þeirrar norsku við hina sænsku, stuðlar að því að bæta veðurspár fyrir norðurhöf, en þær hafa verið ófullnægjandi. Undir formennsku Finna í Norðurskautsráðinu hefur verið lögð áhersla á þennan málaflökk og framkvæmdastjóri Alþjóðaveðurfræðistofnunarinnar (World Meteorological Organisation, WMO) lýsti áhuga á samstarfi við norðurskautsríkin á fundi í utanríkisráðuneytinu haustið 2017, en stofnunin fékk áheyrnaraðild að Norðurskautsráðinu vorið 2018.

Landhelgisgæslan hefur frá árinu 2012 tekið þátt í starfi hringborðs öryggisstofnana á norðurlóðum (Arctic Security Forces Roundtable) fyrir atbeina utanríkisráðuneytisins. Markmiðið er að stuðla að auknu öryggi á norðurskautssvæðinu með því að efla samvinnu þessara ríkja á sviði öryggismála, tryggja eftirlit á svæðinu, upplýsingaskipti og samskipti þegar slys eða atvik verða sem kalla á aðkomu tveggja eða fleiri ríkja. Þessu samstarfi var komið á fót fyrir tilstuðlan bandaríska herafllans í Evrópu og norska

⁴ <https://www.stjornarradid.is/media/innanrikisraduneyti-media/media/frettir-2016/Bjorgunarmid-stodSkysrsla.pdf>

hersins og tóku öll norðurskautsríkin þátt ásamt áheyrnarrikjunum: Þýskalandi, Frakklandi og Hollandi. Í kjölfar innlimunar Rússlands á Krímskaga hættu Rússar þátttöku í samstarfinu. Bandaríkjamenn og Norðmenn styðja rekstur þessa samstarfs. Samstarfið hefur þróast frá 2012, en í upphafi var áhersla aðallega lögð á leit og björgun, mengunarvarnir og stuðning við almannaoöryggi á norðurskautssvæðinu. Með tilkomu Strandgæsluráðs Norðurskautsríkja færðust þeir málaflokkar þangað og síðari árin hefur athyglin á norðurlóðum í meira mæli beinst að því að draga úr spennu og tryggja að norðurskautssvæðið haldi áfram að einkennast af samvinnu og stöðugleika. Í því sambandi er sérstaklega horft til samvinnu ríkjanna, vöktunar og viðbragðsgetu. Haldnir eru tveir fundir á ári þar sem farið er yfir stöðuna á svæðinu, ógnir og tækifæri til samstarfs. Samstarfið styrkir þekkingu Íslands um stöðu mála á norðurlóðum með tilliti til öryggismála.

2.2. Árangur sem náðst hefur varðandi framkvæmd annars áhersluþáttar

Með uppbyggingu þekkingarkjarna um málefni norðurlóða á Akureyri hefur Ísland lagt starfsemi Norðurskautsráðsins lið og unnið að því að efla þekkingu og auka umræðu um málefni svæðisins. Á Akureyri er m.a. starfrækt skrifstofa Norðurskautsráðsins um málefni hafsins sem hefur lagt sitt af mörkum við að efla samstarf innan ráðsins um þetta mikla hagsmunamál Íslands.

Það starf sem unnið er á vegum Strandgæsluráðs Norðurskautsríkja hefur einnig stuðlað að auknu öryggi á norðurlóðum. Á þeim vettvangi tók Landhelgisgæslan þátt í smíði handbókar um sameiginlegar viðbragðsaðgerðir norðurlóðaríkja við neyðartilvikum á hafi ásamt því að taka þátt í og stýra fjölþjóðlegum æfingum og rannsóknarverkefnum um áfallaþol og viðbragðsgetu ríkja á svæðum norðan norðurheimskautsbaugs.

2.3. Nauðsynlegar umbætur á næstu 12 mánuðum við framkvæmd annars áhersluþáttar

Til þess að mæta áskorunum sem skapast með hlýnun loftslags er vert að stuðla að sem víðtækustu samstarfi, ekki síst milli aðildarríkja Norðurskautsráðsins og með samvinnu við áheyrnaraðila þess. Þar á meðal eru Kína, Japan, Indland, Bretland, Þýskaland, Norræna ráðherranefndin og Vestnorræna ráðið. Ísland mun gegna formennsku í Norðurskautsráðinu í tvö ár frá maí 2019 og fær þar með tækifæri til að leiða og móta starf Norðurskautsráðsins, sem er mikilvægasti vettvangur norðurlóðasamvinnunnar. Með víðtæku samráði, bæði innanlands og utan, er unnið að því að móta þá stefnu sem Ísland mun leggja áherslu á á í formennskutíð sinni innan Norðurskautsráðsins. Þær munu hafa sjálfbærni og velferð íbúa svæðisins að leiðarljósi í umhverfislegu, efnahagslegu og félagslegu tilliti.

Einnig þarf að styrkja eftirlitsgetu Íslands á íslenskum hafsvæðum, þar sem er að finna helstu auðlindir þjóðarinnar. Íslendingar bera ábyrgð á hafsvæðum sem eru margfalt stærrí en landið. Á þessum svæðum eru auðlindir sem eru undirstaða lífsskilyrða í landinu, sæstrengir sem halda uppi öllum fjarskiptum við umheiminn og mörg þúsund kílómetra strandlengja sem eru hin eiginlegu landamæri Íslands. Öflugt löggæslu- og öryggiseftirlit og vöktun hafsvæðisins eru forsendur fyrir verndun svæðisins. Koma þarf í veg fyrir ólöglegt athæfi, uppgötva mengunarfleki tímanlega og að tryggja skjót viðbrögð við slysum.

3

„Að aðild Íslands að **Atlantshafsbandalaginu** verði áfram lykilstoð í vörnum Íslands og meginvettvangur vestrænnar samvinnu sem Ísland tekur þátt í á borgaralegum forsendum til að efla eigið öryggi og annarra bandalagsríkja.“

Greinargerð utanríkisráðuneytisins fer hér á eftir.

3.1. Gerð grein fyrir því hvernig íslensk stjórnvöld hafa unnið að framkvæmd þriðja áherslupáttar

Í málflutningi Íslands innan Atlantshafsbandalagsins hefur verið lögð áhersla á pólitíska samstöðu innan þess, eflingu sameiginlegra varna, samhliða aðgerðum og samráði til að draga úr spennu og fyrirbyggja átök. Sérstaklega hefur verið hugað að stefnumálum sem snúa að þróun öryggismála á Norður-Atlantshafi og norðurslóðum, jafnréttismálum og stuðningi við umbætur í öryggismálum samstarfsríkja sem standa höllum fæti.

Undanfarið ár hefur verið lögð áhersla á virka þátttöku í afvopnunarmálum, m.a. með því að Ísland verður gestgjafi NATO-ráðstefnu um afvopnun og geryðingarvopn í lok október 2018 og hefur unnið náið með deild bandalagsins um þau mál. Jafnframt voru Ísland og Írland með sameiginlega kynningu á formennsku sinni í samstarfi um hömlun eldflaugatækni (Missile Technology Control Regime, MTCR) í bandalaginu í febrúar 2018 og var það fyrsti hluti af röð kynninga sem snúa að afvopnunarmálum og samningum sem eru hluti af þeim ramma alþjóðasamninga sem hamlar útbreiðslu vopna, efna og tækni sem tengist geryðingarvopnum.

Ísland hefur um árabil verið í fararbroddi í málflutningi um málefni jafnréttis og lagt áherslu á málefni ályktunar öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1325 um konur, frið og öryggi innan Atlantshafsbandalagsins. Ísland hefur verið virkur bandamaður í stefnumótun, áætlanagerð og innleiðingu ályktunarinnar og hefur lagt til bæði sérfræðiþekkingu og fjármuni til að styðja við það starf á vettvangi. Jafnréttis- og kynjaráðgjafar hafa verið kostaðir til starfa bæði í alþjóðastarfsliði í höfuðstöðvum og í verkefni í Afganistan síðustu árin. Þá stóð Ísland í samstarfi við Kanada fyrir Rakarastofuráðstefnu í fastaráði Atlantshafsbandalagsins og opnum viðburði og fjölmiðlakynningu í tengslum við ráðstefnuna í höfuðstöðvunum í Brussel 2016.

Framlög til verkefna og þátttöku í starfi bandalagsins hafa verið hækkuð á tímabilinu vegna breytts öryggisumhverfis í samræmi við sameiginlegar skuldbindingar bandalagsríkjanna. Borgaralegum sérfræðingum á vegum íslensku friðargæslunnar hefur fjölgað, framlög í átaksverkefni hafa verið hækkuð, samráð aukið og hefur æfingum á vettvangi bandalagsins fjölgað.

Á árinu 2017 var sérfræðingum á vegum Íslands er störfuðu hjá Atlantshafsbandalaginu að borgaralegum verkefnum fjölgað jafnt og þétt, úr fjórum í upphafi árs 2016 í níu í árslok 2017. Stefnt er að því að á tímabilinu 2018–2019 verði að jafnaði 11 íslenskir sérfræðingar í verkefnum hjá bandalaginu, en þeir starfa m.a. í Eystrasaltsríkjunum, Afganistan, Georgíu og í höfuðstöðvum bandalagsins. Með því að kosta sérfræðinga til starfa er stutt við starf bandalagsins og að íslenskir starfsmenn öðlist þekkingu, reynslu og innsýn sem nýtist í verkefnum, æfingum og stefnumörkun heima fyrir. Þannig eykst geta og sérfræðipækning í öryggis- og varnarmálum hér á landi.

Enn fremur hafa sérfræðingar frá sprengjudeild Landhelgisgæslu Íslands farið til þjálfunarverkefna í Jórdaníu og nú nýlega í Írak í samstarfi við vinabjóðir. Sprengjudeild Landhelgisgæslunnar sinnir reglulega sprengjueyðingu, friðargæslu og kennslu í sprengjueyðingu á vegum Atlantshafsbandalagsins víðs vegar í heiminum. Þjálfun og endurmenntun sprengjusérfræðinga Landhelgisgæslunnar í að eyða sprengjum fer fram í bandalagsríkjum, t.d. hjá danska og breska hernum, í samræmi við ýtrustu NATO-staðla. Sprengjudeildin gengst árlega fyrir NATO-æfingu hér á landi, Northern Challenge, og fer þátttaka í þeirri æfingu stöðugt vaxandi og er orðin slík að færri komast að en vilja.

Haldnar voru tvær varnartengdar æfingar Atlantshafsbandalagsins á og við Ísland árið 2017: Dynamic Mongoose, kaþbátæftirlitsleitaræfing með 11 bandalagsríkjum, og Northern Challenge, sprengjueyðingaræfing með 15 ríkjum. Einnig var hafinn undirbúningur fyrir svokallaða Trident Juncture-æfingu sem fer fram samtímis í Noregi og á Íslandi í október og nóvember 2018. Lagðir voru fjármunir í tvo styrktarsjóði bandalagsins á liðnu ári: 10 m.kr. framlag í sjóð vegna sprengjueyðingarverkefna í Írak og fimm m.kr. framlag í sjóð vegna framkvæmdar á aðgerðaáætlun í tengslum við ályktun öryggisráðs SP nr. 1325 um konur, frið og öryggi.

Árleg heildstæð úttekt á varnar- og viðbúnaðargetu Íslands var gerð en hún felur í sér ítarlegt samráð við alþjóðastarfslið Atlantshafsbandalagsins á framlögum og þátttöku Íslands í störfum bandalagsins. Gerð er sambærileg úttekt á stöðu allra bandalagsríkja og frá árinu 2018 munu ríkin skila yfirliti og áætlun um þátttöku sína og árleg framlög.

Áherslur og hagsmunagæsla Íslands vegna endurskipulagningar herstjórnarkerfis Atlantshafsbandalagsins hafa miðað að því að einfalda boðleiðir og leggja aukna áherslu á öryggismál á Norður-Atlantshafi. Eins og áður var vísað til hefur vinnan á þessu sviði m.a. leitt til þess að sett verður upp ný herstjórn í Norfolk með Norður-Atlantshafið, öryggi og samgöngur í forgrunni.

Ísland tók þátt í virku samráði við alþjóðastarfslið Atlantshafsbandalagsins vegna úttekta á stöðu almannavarna og netvarna í bandalagsríkjum. Ísland skilaði ítarlegri samantekt og upplýsingum um hvort tveggja.

Samráð íslenskra stjórnvalda við flotastjórn Atlantshafsbandalagsins var aukið með heimsóknum og stefnt er að því að kosta íslenskan sérfræðing til starfa hjá flota-stjórninni.

Landhelgisgæsla Íslands fer með framkvæmd varnartengdra verkefna, sbr. samning milli utanríkisráðherra og innanríkisráðherra um að ríkislögreglustjóri (RLS) og Landhelgisgæsla Íslands annist tiltekin verkefni samkvæmt varnarmálalögum, nr. 34/2008.

Framkvæmd loftrýmiseftirlits og loftrýmisgæslu Atlantshafsbandalagsins er í föstum farvegi og samkvæmt áætlun bandalagsins. Ísland sér um framkvæmd loftrýmiseftir-

litsins en það er hluti af samþættu loftrýmiseftirliti bandalagsins. Verkefnið er unnið af starfsmönnum Landhelgisgæslu Íslands undir stjórn stjórnstöðvar bandalagsins í Uedem í Þýskalandi. Samtals hafa níu aðildarþjóðir Atlantshafsbandalagsins lagt til orrustuþotur og liðsafla vegna loftrýmisgæslu hér við land.

Umtalsverð endurnýjun og uppbygging hefur átt sér stað á öryggis- og varnarbúnaðinum hér á landi, kerfi hafa verið endurnýjuð eða eru í endurnýjun og viðhald mannvirkja aukið. Endurnýjun kerfisbúnaðar er hluti af sameiginlegri endurnýjun sem fram fer í öllum aðildarríkjunum í Evrópu. Áætlað er að uppbyggingin standi til ársins 2022. Stærstu verkefni eru endurnýjun loftvarnakerfisins, stjórnstöðvarinnar og uppfærsla á ratsjárkerfunum.

Verkefni tengd gistiríkjastuðningi hafa aukist verulega á undanförunum árum. Þar má nefna stuðning við æfingar, millilendingar og eftirlitsflugvélar.

Eftir annasama uppbyggingu og endurskipulagningu rekstrar frá brottför varnarliðsins árið 2006 er nú lögð aukin áhersla á þjálfun og endurmenntun starfsmanna. Starfsmenn varnamálasviðs Landhelgisgæslu Íslands búa yfir viðtækri sérfræðilækingu sem einnig hefur komið Atlantshafsbandalaginu og aðildarþjóðunum að gagni. Varnarmálasvið Landhelgisgæslunnar tekur virkan þátt í störfum stofnana og undirnefnda Atlantshafsbandalagsins.

3.2. Árangur sem náðst hefur varðandi framkvæmd þriðja áhersluþáttar

Þátttaka í störfum Atlantshafsbandalagsins hefur aukist frá því sem áður var og hafa mörg af áherslumálum Íslands fengið meira vægi í starfi bandalagsins sem birtist m.a. í vaxandi vitund um mikilvægi Norður-Atlantshafsins fyrir öryggi Evrópu og Norður-Ameríku og umræðu um mikilvægi jafnréttismála.

Ísland hefur undanfarin ár markað sér mikilvæga stöðu á vettvangi bandalagsins sem áhersluríki á sviði jafnréttismála og talsmaður heildstæðrar nálgunar og uppbyggingar þjálfunar og innviða í veikburða ríkjum.

Uppbygging hér á landi hefur síðastliðin ár aukið verulega getu Íslands til að taka þátt í verkefnum Atlantshafsbandalagsins og styðja við aðildarríkin varðandi verkefni á Norður-Atlantshafinu. Endurnýjun kerfa hefur gengið betur hér á landi en í flestum öðrum ríkjum bandalagsins, ekki síst vegna hæfni og reynslu sérfræðinga sem að verkefnum koma hér á landi.

3.3. Nýjar upplýsingar sem kunna að snerta framgang markmiða þriðja áhersluþáttar

Gera má ráð fyrir að áfram verið lögð áhersla á að öll bandalagsríkin leggi meira af mörkum til öryggis- og varnamála, en þau hafa skuldbundið sig til að stefna í átt að auknum varnarframlögum og fjárfestingum, með það fyrir augum að ná 2% af vergri þjóðarframleiðslu árið 2024. Öll bandalagsríkin hafa stöðvað niðurskurð og nær öll hafa þau aukið sín framlög, þó mismikið.

Ísland, eins og önnur bandalagsríki, mun áfram leggja fé af mörkum til sameiginlegra verkefna, málefna og stuðnings en með þeim formerkjum að herlaus þjóð heldur úti afmörkuðum varnarviðbúnaði og fyrst og fremst í tengslum við samvinnu með Atlantshafsbandalaginu og á grunni tvíhliða varnarsamnings.

Aukin framlög íslenska ríkisins og Atlantshafsbandalagsins til framkvæmda hér á landi hafa aukið öryggis- og varnarviðbúnaðargetu hér á landi. Má þar t.d. nefna upplýsingastreymi í rauntíma og bætt rauntímastöðumynd fyrir Norður-Atlantshafið.

3.4. Nauðsynlegar umbætur á næstu 12 mánuðum við framkvæmd þriðja áhersluþátta

Mikilvægt er að festa í sessi fjárveitingar til virkari þátttöku í störfum Atlantshafsbandalagsins til lengri tíma með hæfilegri aukningu frá ári til árs til að hægt sé að marka langtímastefnu og byggja upp sérfræðispekkingu á þeim sviðum þar sem Ísland með getur með borgaralegu framlagi lagt sitt af mörkum.

Aukna áherslu mætti leggja á málefni þar sem sérþekking Íslands getur nýst bandalaginu og er virðisauki fyrir íslenska sérfræðinga að taka þátt, einkum á sviði almannavarna, netvarna og viðnámsgetu.

4

„Að **varnarsamningur** Íslands og Bandaríkjanna frá 1951 tryggir áfram varnir Íslands og áfram verði unnið að þróun samstarfsins á grundvelli samningsins þar sem tekið verði mið af hernaðarlegum ógnum sem og öðrum áhættupáttum þar sem gagnkvæmir varnar- og öryggishagsmunir eru ríkir.“

Greinargerð utanríkisráðuneytisins fer hér á eftir.

4.1. Gerð grein fyrir því hvernig íslensk stjórnvöld hafa unnið að framkvæmd fjórða áherslupáttar

Hið árlega samráð íslenskra og bandarískra yfirvalda um varnarsamstarfið, svonefnt Strategic Dialogue, fór fram í desember 2017 og mun aftur fara fram í október 2018. Ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytisins fór fyrir sendinefnd með ríkislögreglustjóra, forstjóra Landhelgisgæslunnar, ritara þjóðaröryggisráðs, fulltrúum úr dómsmálaráðuneytinu, forsætisráðuneytinu, utanríkisráðuneytinu, varnarmálasviði Landhelgisgæslunnar og sendiráði Íslands í Washington.

Auk samráðsins um varnarsamstarfið hefur utanríkisráðuneytið átt náið samráð við bandarísk yfirvöld á sviði öryggis- og varnarmála. Þá má nefna fundi og heimsóknir háttsettra embættismanna og hershöfðingja á borð við flotamálaráðherrann, Richard Spencer, og yfirmann herafla Bandaríkjanna í Evrópu, Curtis Scaparotti. Einnig er reglulegt samráð við hermálafulltrúa Bandaríkjanna sem hefur nú aðsetur í Ósló.

Undanfarin ár hefur bandaríski sjóherinn í auknum mæli staðsett tímabundið P8 kafbátaleitarvélar á Keflavíkurflugvelli og íslensk yfirvöld styðja þessa viðveru með gistiríkjastuðningi og aðgengi að upplýsingum. Þá hafa Bandaríkin sinnt árlegu loftrýmiserfirliti hér við land frá árinu 2008. Íslensk og bandarísk stjórnvöld undirrituðu í júní 2016 samkomulag sem rammur inn samvinnu Íslands og Bandaríkjanna í öryggis- og varnarmálum eins og hún hefur þróast á umliðnum árum. Ísland hefur tekið þátt í æfingum með aðkomu Bandaríkjanna á borð við Dynamic Mongoose og Northern Challenge sem og undirbúningi fyrir Trident Juncture árið 2018. Þátttakan hefur eft varnarsamstarfið við Bandaríkin og skilað verulegri þekkingu á því til ráðuneyta, lög-reglu og Landhelgisgæslu Íslands.

4.2. Árangur sem náðst hefur varðandi framkvæmd fjórða áherslupáttar

Gengið hefur verið frá samkomulagi milli Íslands og Bandaríkjanna um fyrirkomulag við varnarframkvæmdir á Keflavíkurflugvelli sem verða eign íslenska ríkisins þegar þeim er lokið. Framkvæmdirnar munu efla getu Íslands til þess að taka á móti kafbátaleitarvélum bandaríska sjóhersins og Atlantshafsbandalagsins.

Gistiríkjastuðningur íslenskra yfirvalda gagnvart bandarískum herafla fyrir kafbátaleitarverkefni, loftrýmiserfirlit og æfingar er mikilvægur liður í því að tryggja stöðu Íslands sem samstarfsaðila í varnarsamstarfi við Bandaríkin.

4.3. Nýjar upplýsingar sem kunna að varða framgang markmiða fjórða áhersluþáttar

Vinna er hafin við skipulag á framkvæmdum á Keflavíkurflugvelli í samráði við bandarísk yfirvöld. Sérstökum starfshópi hefur verið komið á fót á grundvelli tæknilegs samkomulags með fulltrúum frá utanríkisráðuneytinu, Landhelgisgæslu Íslands og Bandaríkjunum.

Stefnt er að því að næsti hermálafulltrúi Bandaríkjanna gagnvart Íslandi verði með aðsetur í Reykjavík (en nú er viðkomandi með aðsetur í Ósló með fyrirsvar gagnvart Íslandi). Þessi breyting mun bæta samskiptin við bandarísk yfirvöld á sviði öryggis- og varnarmála.

4.4. Nauðsynlegar umbætur á næstu 12 mánuðum við framkvæmd fjórða áhersluþáttar

Mikilvægt er að halda áfram að bæta gistiríkjastuðning Íslands gagnvart ríkjum Atlantshafsbandalagsins, fyrst og fremst með framkvæmdum á Keflavíkurflugvelli.

5

„Að efla og þróa enn frekar **norræna samvinnu** um öryggis- og varnarmál og annað grannríkjasamstarf sem lýtur að svæðisbundnum hagsmunum og þátttöku í alþjóðasamstarfi á því sviði.“

Greinargerð utanríkisráðuneytisins fer hér á eftir.

5.1. Gerð grein fyrir því hvernig íslensk stjórnvöld hafa unnið að framkvæmd fimmta áherslupáttar

Utanríkisráðuneytið hefur tekið virkan þátt í borgaralegum hluta varnarmálasamstarfs Norðurlandanna, NORDEFCO (Nordic Defence Cooperation). Markmið formennskuríkisins, Finnlands, fyrir árið 2017 var m.a. að víkka samráðið um öryggis- og varnarmál innan NORDEFCO og var haldinn sérstakur ráðherrafundur þar um í nóvember 2017 með varnarmálaráðherrum NORDEFCO, NB8 (Nordic-Baltic Cooperation) og Northern Group, sem varnarmálaráðherra Bandaríkjanna sótti einnig. Til umræðu var öryggisumhverfið í Eystrasalti og á Norður-Atlantshafi og varnarmálasamstarf í Evrópu.

Í gildi er tvíhliða rammaskomulag um samstarf á sviði öryggis- og varnarmála milli Íslands annars vegar og Noregs, Danmerkur, Bretlands og Kanada hins vegar. Þannig hefur utanríkisráðuneytið reglulegt samráð við þessi lönd, auk þess sem í samkomulagi við hvert land eru ákvæði um þjálfun, upplýsingaskipti og annað samstarf á sviði öryggismála, varnarmála, viðbúnaðar og leitar og björgunar.

Í umfjöllun um framkvæmd annars áherslupáttar þjóðaröryggisstefnunnar er gerð grein fyrir þátttöku Landhelgisgæslunnar í Strandgæsluráði norðurskautsríkja, Hringborði öryggisstofnana á norðurslóðum og samstarfi við samtök skemmtiferðaskipa á norðurslóðum. Auk þess tekur Landhelgisgæslan þátt í fjölþjóðlegu og viðamiklu fimm ára rannsóknarverkefni sem stýrt er af norsku björgunarmiðstöðinni um öryggi og viðbragð á hafsvæðum á norðurhveli jarðar. Verkefnið hófst árið 2018 og því lýkur 2023.

5.2. Lagt mat á þann árangur sem náðst hefur varðandi áherslupáttinn

Í mars 2017 undirrituðu utanríkisráðherra Íslands og varnarmálaráðherra Noregs sameiginlega yfirlýsingu um gagnkvæmar skuldbindingar ríkjanna þar sem áhugi á að kanna frekari tækifæri til að auka samvinnu á sviði öryggis- og varnarmála er áréttaður.

Undir lok árs 2017 gerðist Ísland aðili að norrænu samkomulagi sem auðveldar komu og brottfarir óvopnaðra herflugvéla vegna sameiginlegra æfinga eða annarra aðgerða. Samkvæmt því geta óvopnaðar herflugvélar aðildarríkja óskað eftir því að nýta flugvelli annarra aðildarlanda ef þörf er á því. Þá veitir samkomulagið einnig aðgang að lofthelgi landanna vegna lendingar. Samningsaðilar skuldbinda sig til að gera grein

fyrir ferlum, hverjir eru ábyrgir fyrir lendingarleyfi og að veita umrædda aðstoð með skömmum fyrirvara.

5.3. Nýjar upplýsingar sem kunna að varða framgang markmiða fimmta áhersluþáttar

Hafin er vinna í utanríkisráðuneytinu, í samvinnu við bresk stjórnvöld, við að endurskoða tvíhliða samkomulag við Bretland, en það var gert árið 2008, og er sú vinna vel á veg komin.

Þá er á vettvangi norræna varnar- og öryggismálasamstarfsins hafin vinna við nýja framtíðarsýn norræns varnarsamstarfs, sem tekur mið af því að ógnir eru í auknum mæli ófyrirsjáanlegar og síbreytilegar.

5.4. Nauðsynlegar umbætur á næstu 12 mánuðum við framkvæmd fimmta áhersluþáttar

Tryggja þarf fyrirsjáanleika í fjárveitingum til öryggis- og varnarmála til lengri tíma.

6

„Að tryggja að í landinu séu til staðar **varnarmannvirki**, búnaður, geta og sérfræðiþekking til að mæta þeim áskorunum sem Ísland stendur frammi fyrir í öryggis- og varnarmálum og til að uppfylla alþjóðlegar skuldbindingar Íslands.“

Greinargerð utanríkisráðuneytisins fer hér á eftir.

6.1. Gerð grein fyrir því hvernig íslensk stjórnvöld hafa unnið að framkvæmd sjötta áhersluþáttar

Utanríkisráðuneytið hefur í samvinnu við Atlantshafsbandalagið og helstu samstarfsríki unnið að stefnumótun og fylgt málum eftir til að tryggja að mannvirki, geta og þekking séu fyrir hendi hér á landi.

Landhelgisgæsla Íslands sinnir fyrir hönd ráðuneytisins rekstri og viðhaldi varnarmannvirkja á Íslandi á grundvelli þjónustusamnings frá árinu 2014.

Á síðustu árum hefur ráðuneytið aukið framlög til slíkra verkefna samhliða því að fá samþykkt framlög til stórra verkefna úr mannvirkja- og innviðasjóði Atlantshafsbandalagsins sem veitir fjármuni til framkvæmda vegna sameiginlegra varnarinnviða bandalagsins.

Í störfum íslensku friðargæslunnar hefur verið lögð aukin áhersla á að efla þátttöku í verkefnum er tengjast öryggis- og varnarmálum á borgaralegum forsendum með því að senda íslenska sérfræðinga til starfa á vegum Atlantshafsbandalagsins. Sérfræðingarnir snúa svo til baka með reynslu og þekkingu sem skilar sér í starfsemi íslenskra stofnana sem sinna öryggismálum í víðum skilningi. Þátttaka sérfræðinga frá Landhelgisgæslunni í gerð viðbúnaðaráætlana fyrir Ísland og Noreg, vinna sérfræðings í svæðisherstjórn í Póllandi að áætlanagerð og skipulagi og tímabundin verkefni á borð við þjálfun sprengjudeildar Landhelgisgæslunnar í Jórdaníu skila aukinni þekkingu í stofnanir og deildir sem vinna að öryggismálum.

Íslensk stjórnvöld hafa samþykkt kaup á þremur nýjum björgunarþyrlum fyrir Landhelgisgæsluna sem reiknað er með að verði teknar í notkun á árunum 2021–2023. Trygg viðvera björgunarþyrlna sem þola aðstæður á norðurhveli jarðar er undirstöðuatriði allra öryggis- og varnartengdra verkefna í lofti og á sjó.

6.2. Árangur sem náðst hefur varðandi framkvæmd sjötta áhersluþáttar

Samhliða auknum framlögum til reksturs og viðhalds á varnarmannvirkjum hefur fengist umtalsverður stuðningur úr mannvirkja- og innviðasjóði Atlantshafsbandalagsins. Heimilaðar hafa verið greiðslur úr sjóðnum vegna endurnýjunar á ratsjárstöðvum hér á landi að upphæð 22,4 milljónir evra. Hlutur Íslands í verkefninu er 3,02 milljónir evra.

Á tímabilinu 2019–2022 er gert ráð fyrir að framlög Atlantshafsbandalagsins vegna varnarframkvæmda hér á landi verði samtals um 6,8 milljarðar íslenskra króna en gert ráð fyrir að Bandaríkin leggi á sama tímabili fram 3,4 milljarða króna. Í fjárlögum 2018 er gert ráð fyrir að framlag Íslands til varnarmála verði um 1,8 milljarðar króna.

Þátttaka í NATO æfingum á borð við Dynamic Mongoose og Northern Challenge og undirbúningur fyrir Trident Juncture árið 2018, hefur skilað verulegri þekkingu á varnarmálasamstarfi til ráðuneyta, lögreglu og Landhelgisgæslunnar.

6.3. Nýjar upplýsingar sem kunna að varða framgang markmiða sjötta áhersluþáttar

Sett hefur verið upp sérstakt öryggisrými fyrir fundarhöld og örugg samskipti í húsa- kynnum utanríkisráðuneytisins sem uppfyllir staðla Atlantshafsbandalagsins og NOR-DEFECO um örugg samskipti og umfjöllun um trúnaðargögn, fundi o.þ.h.

6.4. Nauðsynlegar umbætur á næstu 12 mánuðum við framkvæmd sjötta áhersluþáttar

Tryggja þarf fyrirsjáanleika í fjárveitingum til öryggis- og varnarmála til lengri tíma. Verið er að móta langtímaáætlun um rekstur og viðhald varnarmannvirkja á Íslandi í tengslum við varnaráætlanir og á grundvelli samráðs við Atlantshafsbandalagið og helstu samstarfsríki. Mikilvægt er að tryggja viðveru og rekstur löggæslu- og eftirlits- flugvélarinnar TF-SIF, en flugvélin er öflugasta eftirlitstækið á stórum hluta norður- skauts- og Norður-Atlantshafssvæðisins. Enn fremur þarf að fjölga varðskipum sem sinna eftirliti á hafsvæðum umhverfis Ísland úr einu í tvö. Þannig væri unnt að fjölga úthaldsdögum og stórauka eftirlit á hafinu.

7

„Að stefna stjórnvalda í **almanavarna- og öryggismálum**, sem mótuð er af almanavarna- og öryggismálaráði, sé hluti af þjóðaröryggisstefnu fyrir Ísland og þar verði tekið mið af ógnum sem tengjast loftslagsbreytingum, náttúruhamförum, fæðu- og matvælaöryggi, heilbrigðisöryggi og farsóttum.“

Greinargerð dómsmálaráðuneytisins fer hér á eftir.

7.1. Gerð grein fyrir því hvernig íslensk stjórnvöld hafa unnið að framkvæmd sjöunda áherslupáttar

Meginmarkmið stefnu í almanavarna- og öryggismálum eru að tryggja friðhelgi landamæra, öryggi almennings, umhverfi og eignir og samhæfa varnir og viðbrögð við hamförum, hvers eðlis sem þær eru, svo sem af völdum náttúruhamfara eða af mannavöldum, farsóttum eða hernaðaraðgerða eða af öðrum ástæðum. Áherslur árána 2015–2017 hafa verið eftirfarandi:

- **Almanavarnir.** Viðbrögð stjórnvalda, stofnana og samtaka á hættustundu verði skilvirk og samhæfð.
- **Mikilvægir samfélagsinnviðir.** Stuðlað verði að samfelldri virkni mikilvægra samfélagsinnviða.
- **Löggæsla og öryggismál.** Samfélagslegur stöðugleiki og öryggi einstaklinga og þjóðfélagshópa verði tryggð eins og kostur er gagnvart ógnum af mannavöldum, vegna náttúruhamfara eða hnattrænna áhættuþátta, svo sem stórfelldra ofbeldisverka, skipulagðrar glæpastarfsemi, farsóttum eða mengunar.

Þessar áherslur í stefnu stjórnvalda í almanavarna- og öryggismálum samrýmast vel þjóðaröryggisstefnunni. Í almanavarna- og öryggisstefnunni voru útfærðar 42 aðgerðir. Einstök verkefni hafa verið á ábyrgð mismunandi aðila, enda tekur stefnan til fjölmargra þátta þar sem tekið er m.a. mið af ógnum sem tengjast loftslagsbreytingum, náttúruhamförum, fæðu- og matvælaöryggi, heilbrigðisöryggi og farsóttum. Eðli málsins samkvæmt eru verkefni á ábyrgðarsviði margra ráðuneyta og kveðið á um þau í forsetaúrskurði. Tengiliðir voru skipaðir frá hlutaðeigandi ábyrgðar- og samstarfsaðilum. Þá hefur verið mótuð sérstök netöryggisstefna í samræmi við stefnuna í almanavarna- og öryggismálum.

Hvað varðar fæðuöryggi er í stefnunni sett markmið um að gerð verði áætlun um að nægar birgðir séu alltaf til af heilnæmum mat og ómenguðu neysluvatni til að minnsta kosti sex mánaða. Unnið verður að gerð viðbragðsáætlunar við matvælaþrátt í samráði við helstu birgja og stefnt að því gera neyðaráætlun um hagvarnir, birgðir og neyðarflutninga til og frá landinu. Þá er sett markmið varðandi neysluvatnsöryggi, þ.e. að vernda heilsu fólks með því að tryggja að neysluvatn sé heilnæmt. Unnið er að innleiðingu nýrrar Evróputilskipunar um verndun neysluvatns.

Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum hefur verið sett fram. Hún miðar að því að Ísland geti staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt Parísarsamningnum í loftslagsmálum til 2030 og staðið við markmið ríkisstjórnarinnar um kolefnisbindingu. Vinnan er leidd af umhverfis- og auðlindaráðherra, en fulltrúar sex annarra ráðherra koma að vinnu verkefnisstjórnar. Með áætluninni er stefnt að því að setja fram tillögur að aðgerðum sem ætlað er að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda hér á landi og auka bindingu koldíoxíðs úr andrúmslofti.

7.2. Árangur sem náðst hefur varðandi framkvæmd sjöunda áherslupáttar

Haustið 2016 var tekin saman skýrsla um stöðu aðgerða og hvernig unnið hefur verið að framkvæmd stefnunnar í almannavarna- og öryggismálum. Fram kom í inngangi stöðuskýrslunnar að á því rúma ári sem leið frá samþykkt stefnunnar hefði verið lokið við ríflega helming aðgerðanna. Almennt hefur því gengið vel að hringa stefnunni í framkvæmd á þessum fyrri hluta gildistímans en mörg verkefni voru í vinnslu þegar skýrslan var birt. Nú er unnið að uppfærslu stöðuskýrslunnar.

7.3. Nýjar upplýsingar sem kunna að varða framgang markmiða sjöunda áherslupáttar

Unnið er að markmiðum stefnu í almannavarna- og öryggismálum með margvíslegum hætti, ekki síst með því að viðbúnaðarkerfi almannavarna geti ávallt brugðist með skjótum og skilvirkum hætti við náttúruvá og fleiri ógnum.

Viðhald og endurnýjun búnaðar í Samhæfingarstöðinni við Skógarhlíð (SST) er verkefni sem er stöðugt í gangi. Tölvubúnaður var endurnýjaður á árinu 2017. Aðgerðagrúnnur almannavarna er í sífelldri þróun og í byrjun árs 2018 var tekin í notkun ný uppfærsla af honum.

Verklag fjölmiðlateymis Samhæfingarstöðvarinnar hefur verið þróað áfram en það skipa upplýsingafulltrúar fjölda stofnana og ráðuneyta. Fjölmiðlateymið er kallað saman þegar neyðarástand ríkir vegna hamfara og þörf er á umfangsmikilli upplýsingagjöf, bæði innanlands og erlendis.

Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra (AVD) er aðili að nokkrum rannsóknarverkefnum sem snerta almannavarnir, svo sem um langtímavöktun eldfjalla með bættri mælitækni, eldfjallavá í Evrópu og samnorrænu verkefni um áfallapol og samfélagsöryggi á Norðurlöndunum. Þá vinnur AVD einnig að frekari greiningu og skoðun á eldgosum hér á landi – svokölluðu „Gosvárverkefni“ – með Veðurstofu Íslands, Jarðvísindastofnun o.fl. Viðbragðsáætlanir eru stöðugt í endurnýjun og haldnar eru æfingar þar sem reynt er að fara eftir viðkomandi áætlun.

Í janúar 2018 var gefin út ítarleg sóttvarnaáætlun alþjóðaflugvalla sem er ætlað að segja fyrir um skipulag og stjórn aðgerða í sóttvarnaaðgerðum þegar grunur vaknar um lýðheilsuógn um borð í loftfari eða á flugvelli. Áætlunin nær til allra alþjóðaflugvalla Íslands, þ.e. Keflavíkurflugvallar, Reykjavíkurflugvallar, Akureyrarflugvallar og Egilsstaðaflugvallar og er aðlöguð hverjum flugvelli. Einnig nær hún til loftfara á flugi innan flugrýmis Íslands. Þá vinnur ríkislögreglustjóri að gerð viðbragðsáætlunar almannavarna vegna tölvu- og netárása í samvinnu við Póst- og fjarskiptastofnun.

Námskeið eru haldin reglulega á vegum AVD og í þróun er ný útfærsla í kennslu og þjálfun verkþáttastjóra, vettvangsstjórna, aðgerðastjórna og áhafnar SST.

7.4. Nauðsynlegar umbætur á næstu 12 mánuðum við framkvæmd sjöunda áherslupáttar

Á næstu 12 mánuðum er mikilvægt að halda áfram að styrkja almannavarnir hér á landi og samhæfingu ólíkra aðila, í þeim tilgangi m.a. að bregðast við hættum sem tengjast náttúruhamförum. Í stöðuskýrslunni sem var birt í september 2016 kom fram að lokið væri við uppfærslu á viðbragðsáætlun gegn heimsfaraldri inflúensu. Þá væri lokið gerð viðbragðsáætlunar við vá í flugvélum og í Leifsstöð. Vábirgðir lyfja, innrennslisvökva, hlífðarbúnaðar og bóluefna hefðu verið skilgreindar og væru til. Viðbragðsáætlun gegn vá í skipum og höfnum er í vinnslu.

Unnið er að því að uppfæra áhættuskoðun almannavarna frá árinu 2011 og gera áætlun um uppfærslu viðbragðsáætlana, m.a. með hliðsjón af auknum mannfjölda í landinu.

Þá er hafinn undirbúningur að heildarendurskoðun á stefnu almannavarna- og öryggismálaráðs og verður við þá endurskoðun m.a. höfð hliðsjón af væntanlegri uppfærslu á áhættuskoðun almannavarna. Jafnframt þarf að huga sérstaklega að auknu áfallþoli upplýsingakerfa, m.a. með vöktun og eftirliti með sæstrengjum.

8

Að stuðla að auknu **netöryggi** með áframhaldandi uppbyggingu á eigin getu og í samstarfi við önnur ríki.“

Greinargerð samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins fer hér á eftir.

8.1. Gerð grein fyrir því hvernig íslensk stjórnvöld hafa unnið að framkvæmd áttunda áherslupáttar

8.1.1. Umgjörð netöryggismála á Íslandi

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið fer, samkvæmt forsetaúrskurði, með málefni er varða netöryggi og fór innanríkisráðuneytið áður með þessi mál. Dómsmálaráðuneyti fer með mál er lúta að afbrotum tengdum netinu og utanríkisráðuneytið fer með formleg tengsl við önnur ríki, t.d. vegna netvarna.

Um fjarskipti gilda lög nr. 81/2003 og Póst- og fjarskiptastofnun fer með framkvæmd fjarskiptamála. Netöryggissveitin, CERT-ÍS, heyrir undir Póst- og fjarskiptastofnun og er í nánu samstarfi við norrænar netöryggissveitir. Netöryggissveitin var stofnuð með reglugerð nr. 81/2003 um málefni CERT-ÍS netöryggissveitar með stoð í lögum um fjarskipti. Sveitinni ber lögum samkvæmt að sinna fjarskiptafyrirtækjum og er lagt á þau ákveðið gjald til að standa straum af kostnaði vegna þjónustunnar. Sveitinni er heimilt að gera þjónustusamninga við aðra.

Starf stjórnvalda á sviði netöryggis byggist á stefnu um net- og upplýsingaöryggi sem þáverandi innanríkisráðherra kynnti ríkisstjórn og Alþingi vorið 2015. Stefnunni fylgdi jafnframt aðgerðaáætlun til þriggja ára. Stefnan um net- og upplýsingaöryggi var mótuð að undangengnu víðtæku samráði og var einnig höfð hliðsjón af stefnum grannríkja á sviði netöryggismála.

Í samræmi við stefnu um net- og upplýsingaöryggi var netöryggisráð sett á stofn í nóvember 2015 og er það skipað fulltrúum ráðuneyta og stofnana sem sinna málum tengdum netöryggi. Ráðið hefur umsjón með framkvæmd stefnunnar, samhæfir aðgerðir og miðlar upplýsingum. Það hefur ekki boðvald í netöryggistengdum málum. Í netöryggisráði sitja nú fulltrúar frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti, dómsmálaráðuneyti, utanríkisráðuneyti, fjármála- og efnahagsráðuneyti, mennta- og menningarmálaráðuneyti, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti, ríkislögreglustjóra, Persónuvernd, embætti landlæknis, Póst- og fjarskiptastofnun og netöryggissveitinni.

Jafnframt er gert ráð fyrir að starfandi sé samstarfshópur um net- og upplýsingaöryggi og að hann sé skipaður fulltrúum netöryggisráðs og fulltrúum helstu hagsmunaaðila á

Þessu sviði. Er þá einkum horft til samstarfs við stofnanir og fyrirtæki á sviði fjármála, orku- og veitumála, samgangna, hugbúnaðariðnaðar og tölvuþjónustu, heilbrigðisþjónustu, háskóla og aðra aðila sem koma að kennslu og rannsóknum. Haldnir hafa verið fundir með þessum aðilum, nú síðast 17. maí 2018, um kynningu og samvinnu um mótun endurskoðaðrar netöryggisstefnu og nýrrar löggjafar um netöryggi. Þessir fundir eru mikilvægir fyrir áframhaldandi og skilvirka samvinnu í netöryggismálum.

8.1.2. **Framkvæmd stjórnvalda á áttunda áhersluþætti þjóðaröryggisstefnu**

Þjóðaröryggisstefnan kveður á um að stuðla beri að „auknu netöryggi með áframhaldandi uppbyggingu á eigin getu og í samstarfi við önnur ríki“. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið kynnti eftirfarandi atriði sem forgangsmál á fundi þjóðaröryggisráðs hinn 12. júní 2017:

1. Efld samvinna á vettvangi netöryggisráðs og samstarfshóps um net- og upplýsingaöryggi.
2. Úttekt á stöðu netöryggis í íslensku samfélagi.
3. Efling netöryggissveitarinnar (CERT-IS).
4. Efling netöryggis í stjórnsýslunni.
5. Undirbúningur fyrir innleiðingu á tilskipun Evrópusambandsins um upplýsingaöryggi (NIS-tilskipunina), m.a. með undirbúningi löggjafar.
6. Vitundarvakning á sviði netöryggis.

Hér á eftir verður rakið stuttlega hvernig þessum og öðrum skyldum málum hefur verið fylgt eftir.

Netöryggisráð hefur reynst góður vettvangur fyrir upplýsingamiðlun, samhæfingu og samstarf. Verið er að byggja upp fulltrúakerfi innan samstarfshóps um net- og upplýsingaöryggi þannig að hópurinn geti átt skilvirka samvinnu við netöryggisráð.

Sumarið 2017 var Oxford-háskóli fenginn til að gera úttekt á stöðu netöryggis hér á landi, þar sem beitt var líkani sem háskólinn hefur þróað til að meta slíka stöðu. Fulltrúar Oxford-háskóla áttu fundi með mörgum aðilum um netöryggistengd mál-efni. Háskólinn skilaði í kjölfarið ítarlegri skýrslu þar sem metin var staða netöryggis á ýmsum sviðum og fylgdu 120 tillögur til úrbóta. Ráðuneyti og viðeigandi stofnanir hafa skipt með sér ábyrgð á því að bregðast við ráðleggingunum. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra kynnti skýrsluna fyrir ríkisstjórn 27. apríl 2018 og var hún birt opinberlega á vef Stjórnarráðsins 30. apríl. Fyrirhugað er að Oxford-háskóli endurmeti stöðuna síðar þannig að unnt verði að meta árangur þeirra aðgerða sem ráðist verður í.

Eitt brýnasta verkefni ráðuneytisins á sviði netöryggismála hefur verið efling netöryggissveitarinnar og það er einnig lykilatriði í frumvarpi að sérstökum lögum sem eru í mótun um net- og upplýsingaöryggi. Þar til ný lög hafa verið samþykkt og taka gildi verður að styðjast við nógildandi lög sem miða við að netöryggissveitin þjóni einkum fjarskiptafyrirtækjum en að aðrir aðilar geti þó gert þjónustusamninga við sveitina. Form slíkra samninga var þróað á grunni sambærilegra samninga í Noregi og kynnt fulltrúum fjármálafyrirtækja og orku- og veitufyrirtækja. Fyrsti samningur á þessum grunni var undirritaður 25. janúar 2018 við stjórnsýsluna og er hann mikilvægt skref í þá átt að efla netöryggissveitina og munu aðrir samningar væntanlega fylgja í kjölfarið. Annað mikilvægt skref, sem var stigið á árinu 2017, til að styrkja sveitina var flutningur starfsstöðvar hennar í sama húsnæði og hýsir tölvu- og netrannsóknir þeirra lögregluembættanna sem vinna að rannsóknum á þessu sviði. Jafnframt hefur verið komið

upp öruggri aðstöðu til móttöku og miðlunar á trúnaðarupplýsingum milli netöryggisveitarinnar og norræna systurstofnana, en það er lykilatriði í því norræna samstarfi sem sveitin tekur þátt í.

Auk almennra aðgerða til að bæta netöryggi stjórnsýslunnar var myndaður stýrihópur seint á árinu 2017 um netöryggi Stjórnarráðsins. Hópurinn starfar á vegum samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis. Í honum eiga einnig sæti fulltrúar forsætisráðuneytis og fjármála- og efnahagsráðuneytis. Til stendur að fulltrúi utanríkisráðuneytis bæst í hópinn. Stýrihópurinn stóð að gerð samnings á milli stjórnsýslunnar og Póst- og fjarskiptastofnunar um svokallaða GovCERT-þjónustu netöryggisveitarinnar. Samningurinn við stjórnsýsluna var undirritaður 25. janúar 2018 og var við gerð hans nýtt í fyrsta sinn lagaheimild til að gera þjónustusamning vegna þjónustu netöryggisveitarinnar.

Stefnt er að því að leggja fram frumvarp til laga um net- og upplýsingaöryggi haustið 2018. Með því verða innleidd í íslensk lög ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1148 um ráðstafanir til að ná háu sameiginlegu öryggisstigi í net- og upplýsingakerfum í öllu sambandinu. Oftast er vísað til þessarar tilskipunar sem NIS-tilskipunarinnar (NIS Directive, NIS vísar til Network and Information Systems). Markmiðið með tilskipuninni og lagafrumvarpinu er að styrkja með samræmdum hætti netvarnir þeirra sem veita nauðsynlega stafræna þjónustu, svo sem orkuveitur, banka, fjármálamarkaði, heilbrigðisþjónustu, vatnsveitur og stafræn grunnvirki. Gildissvið fyrirhugaðrar löggjafar er umfangsmikið og samráð er hafið við hagsmunaaðila. Samkvæmt tilskipuninni skal netöryggisveit með miðlægt hlutverk vera starfandi í hverju ríki sem tilskipunin nær til. Efling netöryggisveitarinnar er því mikilvæg til að uppfylla þær kröfur. Innleiðing NIS-tilskipunarinnar kemur í kjölfar gildistöku laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga sem innleiðir í íslenska löggjöf nýja reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsta miðlun slíkra upplýsinga. Strangar kröfur eru þar um tilkynningarskyldu og háar sektir geta legið við brotum á ákvæðum laganna. Fyrirhugað er að þróa, undir forystu samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis, tilkynningagátt fyrir öryggisatvik til að auðvelda tilkynningu netatvika með samræmdum hætti, eftir því sem við á, til netöryggisveitar, Persónuverndar og lögreglu.

Vitundarvakning hefur orðið undanfarin ár. Flestir átta sig nú á að netnotkun geti fylgt hættur, en mörgum reynist erfitt að átta sig á hvar þær leynast og hvað er til ráða. Umfjöllun fjölmiðla um árásir, veilur og aðra misnotkun á netinu hefur aukist verulega. Stefnt er að því að auka samvinnu um upplýsingamiðlun og vitundarvakningu á þessu sviði á vettvangi netöryggisráðs með ýmsum hagsmunaaðilum í þjóðfélaginu og á vettvangi samstarfshóps um net- og upplýsingaöryggi.

Nemendum við íslenska háskóla býðst nú að fara í framhaldsnám í netöryggisfræðum við erlenda háskóla. Viðræður við Tækniháskólann í Noregi (Norwegian University of Science and Technology, NTNU) leiddu til þess að fulltrúar háskólans komu hingað til lands og héldu kynningarfundir fyrir nemendum í tölvunarfræði við Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík. Kynnt var meistaranám í netöryggisfræðum sem er í boði við NTNU og í kjölfarið innrituðu sig nokkrir nemendur frá íslenskum háskólum. Stefnt er að því að endurtaka kynninguna og viðræður standa yfir um þátttöku fleiri háskóla, t.d. Oxford-háskóla. Þetta er mikilvægt skref til að auka sérfræðipækkingu á sviði netöryggis og til að efla vitund nemenda og annarra í háskólasamfélaginu um nauðsyn þess að netöryggi verði hluti af margs konar námi, eins og gert hefur verið í Oxford-háskóla.

8.1.3. Alþjóðlegt samstarf

Netið er alþjóðlegt og því byggist uppbygging netöryggis að miklu leyti á samstarfi ríkja og alþjóðlegra samtaka. Mest áhersla er lögð á norrænt samstarf, bæði hjá ráðuneytum og undirstofnunum, ekki síst hjá Póst- og fjarskiptastofnun og netöryggisveitinni.

Fulltrúi samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins hefur nú tekið sæti í stjórn Evrópsku netöryggisstofnunarinnar, (European Union Agency for Network and Information Security, ENISA) sem ætlað er aukið hlutverk í skipulagi netöryggismála. Margvíslegu alþjóðlegu samstarfi hefur verið komið á fyrir milligöngu utanríkisráðuneytisins. Öllum aðildarríkjum Atlantshafsbandalagsins ber að viðhafa vissar lágmarksráðstafanir til að verja eigin innviði og gera grein fyrir þeim gagnvart bandalaginu. Þá hefur bandalagið skilgreint netöryggi sem fjórðu vídd sameiginlegra varna (ásamt vörnum í lofti, á láði og legi). Netöryggi er viðfangsefni funda á vegum Norðurlanda og Eystrasaltsríkja og hafa fulltrúar utanríkisráðuneytis og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis tekið þátt í þeim. Netöryggismál ber æ oftast á góma í ýmsum alþjóðlegum nefndum og ráðum og hefur verið leitast við (t.d. á vettvangi netöryggisráðs) að miðla upplýsingum og samhæfa afstöðu og aðgerðir eftir því sem við á. Óformleg tengsl hafa einnig verið við öndvegissetur Atlantshafsbandalagsins á sviði netöryggis (NATO Cooperative Cyber Defence Centre of Excellence) sem hefur m.a. gefið út fræðirit og greiningar á lagalegum hliðum átaka á netinu. Ber þar hæst endurbætt útgáfa svokallaðrar Tallinn-handbókar sem gefin var út vorið 2017. Fulltrúar utanríkisráðuneytis heimsóttu setrið vorið 2018 og möguleikar á nánari tengslum og aðild voru kannaðir og eru til skoðunar. Þá er verið að kanna möguleika á nánari tengslum við nýtt öndvegissetur í Helsinki um varnir gegn blönduðum ógnum (e. hybrid threats). Slíkar ógnir geta verið af ýmsum toga en eiga það þó margar sameiginlegt að byggjast á notkun netsins beint eða óbeint. Þetta málefni var rætt innan netöryggisráðs og var samstaða um að ráðið gæti tekið slík mál til umfjöllunar og haft frumkvæði að því að samræma aðgerðir þeirra sem að lausn slíkra mála kunna að koma.

Dómsmálaráðuneytið og undirstofnanir þess fara með ýmis mál sem tengjast netglæpum sem ýmist eru framdir með því að nýta netið eða beinast gegn því. Ísland á aðild að samningi Evrópuráðsins um tölvubrot (Convention on Cybercrime) og samvinna við Europol skiptir miklu fyrir löggæsluna.

8.2. Árangur sem náðst hefur varðandi framkvæmd áttunda áhersluþáttar

Að mati ráðuneytisins hefur starfi vegna áhersluþáttarins miðað vel og í samræmi við það sem áætlað var. Mikið verk er þó óunnið til að efla netöryggi hér á landi. Ráðleggingum Oxford-háskóla verður fylgt eftir og matsvísar teknir í notkun til að meta tölulega veikleika í íslensku netumhverfi. Hvort tveggja skiptir miklu máli þegar unnið er að úrbótum með skipulegum og mælanlegum hætti.

8.3. Nauðsynlegar umbætur á næstu 12 mánuðum við framkvæmd áttunda áhersluþáttar

Brýnustu umbætur næstu 12 mánaði eru að ljúka við áður nefnt frumvarp um aukið netöryggi (sem er nauðsynlegt vegna innleiðingar NIS-tilskipunar) og leggja það fyrir haustþing 2018. Það kallar m.a. á víðtækt samstarf og því er nú unnið að því að byggja upp innviði samstarfshóps um net- og upplýsingaöryggi með öflugu fulltrúakerfi.

9

„Að stefna stjórnvalda taki mið af **öðrum ógnum** sem þarfnast fullrar athygli, svo sem hryðjuverkum, skipulagðri glæpastarfsemi og ógnum við fjármála- og efnahagsöryggi.“

Greinargerð dómsmálaráðuneytisins fer hér á eftir.

9.1. Gerð grein fyrir því hvernig íslensk stjórnvöld hafa unnið að framkvæmd níunda áhersluþáttar

9.1.1. Löggæsla almennt

Ráðist hefur verið í ýmsar aðgerðir til að styrkja starf lögreglunnar á undanförunum árum. Er það í samræmi við þær áherslur sem fram koma í stefnu almannavarna- og öryggismálaráðs um löggæslu og öryggismál. Má þar helst nefna viðbótarfjármagn sem varið hefur verið til löggæslumála ásamt umfangsmiklum skipulagsbreytingum með fækkun lögregluembættu úr 15 í 9 og aðskilnaði lögregluembættu og sýslumannsembættu árið 2015. Aðgerðin miðaði að því að styrkja rekstrarumgjörð lögreglunnar með stærri einingum og ná meiri sveigjanleika í rekstri og starfsemi. Þá ber að nefna að unnið hefur verið að gerð löggæsluáætlunar þar sem skilgreind eru öryggis- og þjónustustig, helstu markmið, mælikvarðar og aðgerðir lögreglu.

Markmiðið með gerð löggæsluáætlunar er að skilgreina eðli og umfang lögreglu-starfsins auk þess að skilgreina ítarlega þau verkefni sem lögreglu er ætlað að sinna og hver kostnaður ríkissjóðs er af störfum lögreglu hverju sinni. Jafnframt er tilgangurinn að kostnaður við verkefni lögreglu verði gagnsærri og fagleg aðkoma Alþingis að málaflokknum eflid. Það er í samræmi við þær aðgerðir sem settar voru fram í stefnunni um almannavarna- og öryggismál en þar er kveðið á um að skilgreina öryggisstig í landinu, skilgreina mannaflapörf lögreglu og fjárþörf og móta löggæsluáætlun.

Þá ber að nefna að með lögum nr. 61/2016, um breytingu á lögreglulögum, voru gerðar grundvallarbreytingar á fyrirkomulagi menntunar lögreglumanna þegar menntun þeirra var færð á háskólastig og mennta- og starfsþróunarsetur lögreglu var komið á fót. Markmiðið í menntunar- og þjálfunarmálum lögreglunnar er að tryggja að lögreglan geti á hverjum tíma tekist á við mikilvægustu verkefni sín; að tryggja réttaröryggi borgaranna og grundvallarhagsmuni ríkisins. Mikilvægt er að lögreglan hafi góða þekkingu á þeim kröfum og leggi sig fram í hvívetna við vandasöm störf. Þá var með lögum nr. 62/2016 sett á fót eftirlitsnefnd með störfum lögreglunnar og tók hún til starfa 1. janúar 2017. Markmiðið er að borgari sem telur brotið gegn rétti sínum geti treyst því að leyst verði úr málinu með skilvirkum og gagnsæjum hætti.

Þær breytingar sem hér hafa verið nefndar efla lögregluna og aðrar löggæslustofnanir, m.a. í að berjast gegn skipulagðri glæpastarfsemi og sinna öðrum verkefnum.

Þá eru íslensk stjórnvöld að bregðast við alvarlegum athugasemdum um að styrkja landamæravörslu sem fram komu í kjölfar Schengen-úttektar á árinu 2017. Unnið er að aðgerðum sem snúa m.a. að stjórnskipulagi, fjölda starfsmanna, menntun og þjálfun, greiningarstarfi og tækjabúnaði á landamærastöðvum.

9.1.2 Hryðjuverk og fjármögnun hryðjuverka

Dómsmálaráðuneytið og undirstofnanir þess hafa í stefnumótun sinni og aðgerðum tekið tillit til þeirrar ógnar sem stafar af hryðjuverkum. M.a. hefur verið hrint í framkvæmd verkefnum sem kveðið var á um í almannavarna- og öryggisstefnunni fyrir árin 2015–2017 um áætlanagerð til að efla viðbúnaðargetu lögreglu, viðbragðsáætlun vegna hryðjuverka, skemmdarverka og stórfelldra ofbeldisglæpa, gera áhættumat og efla samstarf við tollstjóra.

Stefnumótun og aðgerðir á þessu sviði eru í stöðugri endurskoðun og sú vinna tekur m.a. mið af ógnarmati ríkislögreglustjóra á hættunni af hryðjuverkum. Í mati sínu frá 2017 komst greiningardeild ríkislögreglustjóra að þeirri niðurstöðu að hættustig á Íslandi væri í meðallagi og almennt ekki hægt að útiloka hættu á hryðjuverkum hér á landi vegna ástands innanlands eða í heimsmálum. Fram kemur í ógnarmatinu að Vesturlöndum stafi viðvarandi ógn af hryðjuverkasamtökum og einstaklingum og hópum sem þeim tengjast. Evrópulögreglan (European Union Agency for Law Enforcement Cooperation, Europol) telji sömuleiðis að öryggisógnir fari vaxandi í álfunni. Þá gaf ríkislögreglustjóri út verklagsreglur og leiðbeiningar 9. ágúst 2017 um skipulag við rannsóknir hryðjuverkamála.

9.1.3. Skipulögð glæpastarfsemi

Í skýrslu greiningardeildar ríkislögreglustjóra frá árinu 2017 kom fram að áhætta vegna skipulagðrar glæpastarfsemi á Íslandi teldist mikil. Aukin skipulögð glæpastarfsemi hefði í för með sér margháttaðar breytingar og yki álag á ýmsum sviðum löggæslunnar um leið og hún fæli í sér ógn við öryggi samfélags og einstaklinga. Áhættustig vegna skipulagðrar glæpastarfsemi á Íslandi væri „mikil áhætta“ eða m.ö.o. „rautt“.

Þessi greining ríkislögreglustjóra, auk annarra upplýsinga sem stjórnvöld hafa undir höndum, er mikilvæg fyrir stefnumótun og aðgerðir í þessum efnum. Í stefnunni um almannavarna- og öryggismál fyrir árin 2015–2017 er lögð áhersla á að vinna þurfi heildstæða aðgerðaáætlun stjórnvalda um að sporna gegn skipulagðri glæpastarfsemi með sérstakri áherslu á aðgerðir gegn mansali og vændis kaupum. Þáverandi innanríkisráðuneyti var falin ábyrgð á þeirri stefnumótun ásamt lykilstofnunum á þessu sviði sem og öðrum ráðuneytum. Jafnframt skal unnið að gerð áætlunar um aukna samvinnu í rannsóknnum allra lögregluliða á skipulagðri glæpastarfsemi og samþættingu upplýsingamiðlunar og samskipta milli lögreglu hérlendis og erlendis um rannsóknir á þessu sviði. Loks var lögð áhersla á að bæta menntun og þjálfun lögreglumannna, starfsmanna tollgæslu og Landhelgisgæslunnar í því skyni að þeir verði betur í stakk búnir að greina og bregðast við skipulagðri glæpastarfsemi.

Ekki liggur fyrir heildstæð aðgerðaáætlun gegn skipulagðri glæpastarfsemi en hins vegar hefur árangur náðst í að breyta skipulagi og starfsháttum lögreglu í þeirri baráttu og styrkja samvinnu hennar við aðrar stofnanir, svo sem tollgæsluna. Í því skyni hefur m.a. verið myndaður samstarfsvettvangur allra helstu löggæslustofnana hérlendis til að berjast gegn skipulagðri glæpastarfsemi. Aðgerðir gegn mansali eru einnig mikilvægar og lögð hefur verið áhersla á að efla þær.

9.1.4. Landamæravarsla og eftirlit

Í skýrslu greiningardeildar ríkislögreglustjóra frá 21. febrúar 2017 kemur fram að fjölgun erlendra ferðamanna og hælisleitenda hafi aukið álag á landamæravörslu á liðnum árum og spár benda til þess að ferðamönnum muni enn fjölga. Nú er svo komið að álag við landamæravörslu á Keflavíkurflugvelli er svo mikið að hætt er við að lögregla geti ekki lengur sinnt lögbundnu hlutverki sínu. Brugðist hefur verið við með auknum fjárveitingum til að fjölga starfsfólki, stofnun stoðeildar ríkislögreglustjóra vegna brottflutnings þeirra sem synjað er um alþjóðlega vernd, hraðari málsmeðferð í tilvikum þeirra sem óska alþjóðlegrar verndar og endurskoðun laga og reglugerða. Um mitt ár 2017 voru sjálfvirk landamærhlið sett upp í flugstöð Leifs Eiríkssonar en ljóst er að enn frekari viðbragða er þörf.

Skipulögð glæpastarfsemi er ein mesta ógnin sem steðjar að landamæravörslu og reyndar að öryggi samfélagsins í heild. Líta má á landamæravörslu sem fyrstu varnir gegn skipulagðri glæpastarfsemi en hér ber þó einnig að nefna alþjóðlegt samstarf lögreglu og tollgæslu við erlendar systurstofnanir. Mikilvægi þeirrar samvinnu hefur sannað sig á undanförunum árum.

Álagstoppar á Keflavíkurflugvelli vegna mikillar fjölgunar ferðamanna og skipulags flugfélaga gera ríka kröfu um skilvirkni og skapa verulegt álag á löggæslu. Líkur eru á að álagið verði viðvarandi vegna aukinnar samkeppni í flugi yfir Atlantshaf.

Ólöglegur inn- og útflutningur er annar áhættuþáttur sem er erfiður viðfangs en löng strandlengja og margar hafnir samhliða takmörkuðu eftirliti og veikum innviðum skapa möguleika fyrir hvers konar ólöglega starfsemi sem tengist för fólks eða flutningi vöru yfir landamæri. Þá ber að hafa í huga þrýsting af hálfu innflytjenda á tollgæslu um að fá farm sinn afganginn á sem skemmstum tíma.

9.1.5. Netglæpir

Almannavarna- og öryggismálastefna stjórnvalda kveður á um að mótuð sé stefna og aðgerðaáætlun um net- og upplýsingaöryggi og vernd mikilvægra samfélagsinnviða er varða þjóðaröryggi. Í þingsályktun um þjóðaröryggisstefnu er kveðið á um að stuðla eigi að auknu netöryggi með áframhaldandi uppbyggingu á eigin getu og í samstarfi við önnur ríki. Stjórnvöld hafa í þessu skyni mótað stefnu um net- og upplýsingaöryggi, netöryggisráð hefur verið stofnað sem og samstarfshópur með þátttöku ýmissa hagsmunaaðila. Þá hafa sérfræðingar frá Oxford-háskóla verið fengnir til að meta stöðu netöryggis hér á landi og sett fram fjölda ráðlegginga eins og áður hefur verið sagt frá. Á árinu 2016 lagði ríkislögreglustjóri mat á hættuna af völdum netglæpa og sagði m.a. brýnt að auka menntun og fræðslu fyrir lögreglumenn varðandi tölvu- og netglæpi, svo og að auðvelda aðgengi lögreglu að sérfræðipækkingu og samvinnu við fagaðila í málum sem varða þennan flokk afbrota. Þá hefur Europol lagt mat á þróun skipulagðrar brotastarfsemi á komandi árum og telur að hún sé að taka stakkaskiptum, ekki síst vegna þess að brotastarfsemi er í vaxandi mæli að færast yfir á netið.

Ríkislögreglustjóri leggur einnig stöðugt mat á hvað teljist til ómissandi upplýsinga-innviða samfélagsins í samvinnu við hlutaðeigandi aðila í samræmi við stefnu í almannavarna- og öryggismálum. Jafnframt á ríkislögreglustjóri að meta öryggisþörf fjarskiptakerfa gegn skipulögðum árásum, innbrotum og hlerunum. Þá þarf að fara yfir löggjöf með tilliti til þess hvort fullnægjandi kröfur séu gerðar um öryggismál og gera tillögur um aðgerðir. Nýtt mat ríkislögreglustjóra um innviðina er í vinnslu.

9.1.6. Varnir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka

Varnir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka eru mikilvægur þáttur í að standa vörð um trúverðugleika og tiltrú á fjármálakerfið. Aðgerðir á þessu sviði eru viðtækar og margir aðilar innan stjórnkerfisins bera ábyrgð á þeim.

Alþjóðleg samvinna er mikilvæg og fer fram á vettvangi alþjóðlega vinnuhópsins Financial Action Task Force, FATF, sem Ísland á aðild að. FATF hefur gefið út 40 tilmæli sem ríkjum er ætlað að innleiða til að koma í veg fyrir að alþjóðlegt fjármálakerfi sé misnotað í þeim tilgangi að þvætta fé eða til fjármögnunar hryðjuverka. Þau ráðuneyti sem bera ábyrgð á tilmælum FATF og innleiðingu þeirra eru dómismálaráðuneytið, fjármála- og efnahagsráðuneytið, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið og utanríkisráðuneytið.

Af hálfu FATF eru gerðar úttektir á lögum, reglum og skilvirkni þeirra innan aðildarríkjanna og teknar eru saman skýrslur um hvert aðildarríki fyrir sig. Niðurstöðuskýrsla fjórðu úttektar FATF á Íslandi liggur fyrir og var gerð opinber í apríl 2018. Helstu niðurstöður skýrslunnar eru að aðgerðum og vörnum gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka hér á landi væri verulega ábótavant. Á þetta bæði við um lög og reglur um málaflokkinn sem og árangur við framkvæmd reglnanna og skilvirkni kerfisins. Ísland kemur verst út af þeim vestrænu ríkjum sem FATF hefur skoðað. Hverjar afleiðingarnar af skýrslunni verða fyrir íslenska fjármálakerfið ræðst m.a. af því hvernig stjórnvöld bregðast við niðurstöðunum.

Innleiðing tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins, 2015/849/ESB (fjórðu peningaþvættistilskipunarinnar), í íslensk lög og breytingar á regluverki eru mikilvæg til að hrinda í framkvæmd tæknilegum aðgerðum. Sú vinna er þegar hafin í dómismálaráðuneytinu í samráði við viðeigandi ráðuneyti, stofnanir og fulltrúa fjármálamarkaðarins. Öðru máli gegnir um aðgerðir til að fylgja eftir framkvæmd regluverksins, t.d. hvað varðar eftirlit, fræðslu, rannsóknir, saksóknir, forvarnastarf o.fl. Sú vinna er mun skemmra á veg komin.

Það skal þó tekið fram að mikilvægur áfangi náðist sl. vor er samþykkt voru lög nr. 91/2018 um breytingar á lögum um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka sem miða að því að draga úr hættu á ólögmati misnotkun sýndarfjár og hindra að tækniframfarir og frumkvöðlastarf sé misnotað í refsiverðum tilgangi.

Í úttektarskýrslu FATF kemur fram ítrekuð gagnrýni um að málaflokkurinn sé verulega undirmannaður til að sinna öflugum vörnum gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, t.d. hvað varðar eftirlit með öðrum aðilum en fjármálafyrirtækjum og starfsemi peningaþvættisskrifstofu. Þá væri yfirsýn og samræming milli stjórnvalda sem eiga aðkomu að málaflokknum ábótavant. Þessu til viðbótar er bent á að upplýsingatæknikerfi eru í mörgum tilvikum ófullnægjandi.

Af hálfu FATF verður nánar fylgst með stöðu mála hér á landi í kjölfar úttektarinnar og stjórnvöld fá eitt ár til að sýna fram á verulegar úrbætur. Takist það ekki verður Ísland sett í flokk ríkja sem teljast áhættusöm og ósamvinnuþýð og fer þá á „gráan lista“ FATF. Þá yrðu stjórnvöld, með sérstakri yfirlýsingu, að skuldbinda sig til að vinna að nauðsynlegum úrbótum og strangari kröfur yrðu gerðar til íslenskra fyrirtækja sem hyggjast stofna útibú eða dótturfélög erlendis. Sé málaflokknum ekki sinnt sem skyldi getur það jafnvel endurspeglast í neikvæðu lánshæfismati ríkja. Það er því afar mikilvægt fyrir trúverðugleika íslensks fjármálamarkaðar að stjórnvöld uppfylli skyldur sínar um varnir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Verði ekki gerðar fullnægjandi úrbætur að mati FATF gæti farið svo að aðild Íslands að FATF verði endurskoðuð.

Mikilvægt er að viðkomandi ráðuneyti og stofnanir axli ábyrgð og sinni sínu hlutverki til að tryggja að aðgerðir komist til framkvæmda, tilmæli séu innleidd og að til staðar sé nauðsynlegt samstarf og yfirsýn.

Dómsmálaráðherra hefur skipað samráðshóp þeirra aðila sem annars vegar bera ábyrgð á innleiðingu tilmæla og hins vegar þeirra sem sinna eftirliti með tilkynninga-skyldum aðilum. Tilgangurinn með stofnun þessa hóps er að tryggja samráð, skýra betur ábyrgðarsvið hvers og eins og að vera stjórnvöldum til ráðgjafar.

Nú þegar fjórðu úttekt Íslands hjá FATF er lokið⁵ skiptir miklu máli að ábyrgir aðilar innan stjórnkerfisins setji það í forgang að bregðast við fram komnum athugasemdum. Ef athugasemdum og ábendingum FATF er ekki sinnt getur það haft mjög skaðleg áhrif á íslensk fjármálafyrirtæki og fjármálamarkaðinn og mögulega á lánshæfismat ríkisins og fjármálafyrirtækja.

9.2. Gerð grein fyrir því hvernig íslensk stjórnvöld hafa unnið að framkvæmd níunda áhersluþáttar

Margvíslegur árangur hefur náðst í viðureigninni við aukna hryðjuverkaógn, skipulagða glæpastarfsemi og ógnir við fjármála- og efnahagsöryggi. Vinnubrögð, áhersla og skipulag lögreglu hefur tekið breytingum, samvinna mismunandi aðila hefur verið eflað, reglulega er lagt mat á áhættu vegna þessara ógna og Ísland tekur virkan þátt í alþjóðlegu samstarfi. Þá hefur farið fram umfangsmikil vinna vegna úttektar FATF á vörnum gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka hér á landi.

9.3. Nýjar upplýsingar sem kunna að varða framgang markmiða níunda áhersluþáttar

Mikil áhersla er lögð á að efla löggæslu og landamæraeftirlit, m.a. til að vinna að framkvæmd þessa áhersluþáttar. Þannig er í fjármálaáætlun 2019-2023 gert ráð fyrir auknum fjárveitingum til lögreglu, þ. á m. til að sinna landamæraeftirliti, fjárveitingar tryggðar vegna innleiðingar ýmissa upplýsingakerfa o.fl., sbr. einnig fjárlagafrumvarp fyrir árið 2019. Þá er gert ráð fyrir að frumvarp til nýrra heildarlaga um peningabætti sem vísað er til að framan verði lagt fram á Alþingi haustið 2018.

9.4. Nauðsynlegar umbætur á næstu 12 mánuðum við framkvæmd níunda áhersluþáttar

Lögregluþvöld þurfa að styrkja enn frekar greiningarvinnu og samstarf sín á milli, m.a. í baráttunni við skipulagða glæpastarfsemi. Þá er nauðsynlegt að efla landamæraeftirlit og gæslu í samræmi við ábendingar Schengen-úttektar á árinu 2017. Bregðast þarf við niðurstöðum skýrslu FATF með nauðsynlegum aðgerðum af hálfu stjórnvalda til að styrkja varnir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka og standa þannig vörð um trúverðugleika fjármálakerfisins. Að öðru leyti vísast til umfjöllunar hér að framan um framkvæmd sjöunda áhersluþáttar þjóðaröryggisstefnunnar.

⁵ <http://www.fatf-gafi.org/media/fatf/documents/reports/mer4/MER-Iceland.pdf>

10

„Að Ísland og íslensk landhelgi sé **friðlýst fyrir kjarnavopnum**, að teknu tilliti til alþjóðlegra skuldbindinga, í því augnamiði að stuðla að afvopnun og friði af Íslands hálfu.“

Greinargerð utanríkisráðuneytisins fer hér á eftir.

10.1. Gerð grein fyrir því hvernig íslensk stjórnvöld hafa unnið að framkvæmd tíunda áherslupáttar

Íslensk stjórnvöld hafa verið meðal þeirra ríkja Atlantshafsbandalagsins sem hafa gengið hvað lengst í þrýstingi á aðgerðir í kjarnavopnaafvopnun. Ísland hefur í málalíbúnaði sínum á alþjóðavettvangi, þ.m.t. á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og Atlantshafsbandalagsins, talað fyrir eyðingu kjarnavopna og hvernig best megi vinna að sameiginlegu takmarki allra ríkja um heim án kjarnavopna.

Á árinu 2017 hefur Ísland tekist á hendur aukið hlutverk á þessum vettvangi innan Atlantshafsbandalagsins t.d. með því að taka þátt í starfi nefndar um afvopnunarmál og tekið að sér að vera gestgjafi ráðstefnu bandalagsins um afvopnun og geryðingarvopn hér á landi í lok október 2018. Ráðstefnan er haldinn árlega, síðast í Finnlandi, og til hennar er boðið æðstu embættismönnum afvopnunarmála hjá Sameinuðu þjóðunum, Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu, Efnavopnastofnunarinnar (Organisation for the Prohibition of Chemical Weapons, OPCW) auk fulltrúa frá samstarfsríkjum Atlantshafsbandalagsins, Japan, Kína, Indlandi o.fl. Einnig er málsmetandi sérfræðingum á sviði afvopunar boðið. Áætlað er að um 100 aðilar sæki ráðstefnuna. Gera má ráð fyrir miklum áhuga þar sem geryðingarvopn eru mjög í deiglu og núgildandi samningar um afvopnun undir þrýstingi.

Varðandi sáttmála SP um bann við kjarnavopnum, sem samþykktur var í júlí 2017, hafa íslensk stjórnvöld verið þeirrar skoðunar og bent á að án þátttöku kjarnaorkuveldanna hafi slíkur samningur takmarkað gildi. Raunhæfara sé að styðja frekar við þá samninga sem þó eru við lýði og kjarnaorkuveldin hafa skrifað upp á – líkt og á við um samning um bann við útbreiðslu kjarnavopna (NPT). Ísland hefur því ekki gerst aðili að nýja sáttmálanum frekar en önnur ríki Atlantshafsbandalagsins.

Ísland tekur þátt í nefnd allsherjarþingsins um afvopnunarmál (fyrsta nefndin) og starfar m.a. náið með hópi ríkja sem stefnir að útrýmingu kjarnavopna innan ramma-samnings um bann við útbreiðslu þeirra.

Á allsherjarþingi SP 2017 greiddi Ísland atkvæði með fimm ályktunum um kjarnavopn; um útbreiðslu kjarnavopna fyrir botni Miðjarðarhafsins, um algjöra útrýmingu á kjarnavopnum, ályktun sem Japan lagði fram um að hrinda í framkvæmd samningn-

um um allsherjarbann við sprengingum kjarnavopna í tilraunaskyni (Comprehensive Nuclear-Test-Ban Treaty, CTBT), ályktun sem miðar að því að þrengja að möguleikum til að komast yfir efni til að þróa kjarnavopn og ályktun sem miðar að því að byggja traust milli ríkja þegar kemur að afvopnun.

10.2. **Árangur sem náðst hefur varðandi framkvæmd tíunda áhersluþáttar**

Ísland hefur markað sér stöðu í hópi ríkja sem leita raunhæfra leiða til að útrýma kjarnavopnum.

10.3. **Nýjar upplýsingar sem kunna að varða framgang markmiða tíunda áhersluþáttar**

Nauðsynlegt verður að vinna náið með bandalagsríkjum að undirbúningi á endurskoðun á rammasamningi um bann við útbreiðslu kjarnavopna 2020 um leið og fylgst er með þróun mála varðandi nýjan alþjóðasamning um bann við kjarnavopnum.

11

„Að sett verði á laggirnar með sérstökum lögum **þjóðaröryggisráð** sem meti ástand og horfur í öryggis- og varnarmálum með reglulegum hætti, hafi eftirlit með framfylgd þjóðaröryggisstefnunnar, endurspegli þá breiðu sýn á þjóðaröryggi sem birtist í stefnunni og standi fyrir endurskoðun hennar eigi sjaldnar en á fimm ára fresti.“

Greinargerð forsætisráðuneytisins fer hér á eftir.

1.1. Gerð grein fyrir því hvernig íslensk stjórnvöld hafa unnið að framkvæmd ellefta áherslupáttar

Hinn 1. september 2016 samþykkti Alþingi lög nr. 98/2016 um þjóðaröryggisráð. Samkvæmt 3. gr. þeirra laga eiga sæti í þjóðaröryggisráði, auk forsætisráðherra, ráðherra sem fer með utanríkis- og varnarmál og ráðherra sem fer með almannavarnir auk ráðuneytisstjóra viðkomandi ráðuneyta. Jafnframt skulu ríkislögreglustjóri, forstjóri Landhelgisgæslunnar og fulltrúi Slysavarnafélagsins Landsbjargar eiga sæti í ráðinu. Þá eiga sæti í ráðinu „tveir þingmenn og skal annar þingmaðurinn vera úr þingflokki sem skipar meiri hluta á þingi en hinn úr þingflokki minni hluta“, eins og segir orðrétt í lögum um þjóðaröryggisráð.

Þjóðaröryggisráði er ætlað að hafa eftirlit með því að þjóðaröryggisstefna fyrir Ísland sé framkvæmd í samræmi við ályktun Alþingis og skal ráðið vera samráðsvettvangur um þjóðaröryggismál. Þjóðaröryggisráði er enn fremur ætlað að meta ástand og horfur í öryggis- og varnarmálum og fjalla um önnur málefni sem varða þjóðaröryggi. Þá gera lögin ráð fyrir að þjóðaröryggisráð, í samvinnu við háskólasamfélagið, hugveitur og fjölmiðla, beiti sér fyrir opinni og lýðræðislegri umræðu um þjóðaröryggismál. Þjóðaröryggisráði ber að upplýsa Alþingi árlega um framkvæmd stefnunnar og utanríkismálanefnd þingsins um hver þau mál sem líkleg eru til að hafa áhrif á þjóðaröryggisstefnuna og framkvæmd hennar. Þá skal ráðið stuðla að endurskoðun stefnunnar eigi sjaldnar en á fimm ára fresti.

Gengið var frá fyrstu skipun í þjóðaröryggisráð í byrjun maí 2017 er tilnefningar höfðu borist. Allir ráðsmenn gengust undir öryggisvottun ríkislögreglustjóra.

Þjóðaröryggisráð hittist á tveimur fundum á árinu 2017. Fyrsti fundur ráðsins var haldinn 22. maí 2017. Annar fundur var haldinn 12. júní 2017 og fór ráðið þá yfir ýmis mál er tengjast almennt öryggisvörnum landsins í nútíð og framtíð. Þá var jafnframt gengið frá skipun Þórunnar J. Hafstein í embætti ritara þjóðaröryggisráðs.

Á árinu 2018 hefur ráðið hist tvisvar sinnum eftir að ráðið var fullskipað að afloknum alþingiskosningum í október 2017.

Fundir ráðsins hafa farið fram í Safnahúsinu, á öryggissvæðinu á Keflavíkurlflugvelli og á höfuðborgarsvæðinu í fundaraðstöðu sem uppfyllir staðla Atlantshafsbandalagsins og NORDEFECO um örugg samskipti og umfjöllun um trúnaðargögn, fundi o.þ.h. og hefur hlotið öryggisvottun ríkislögreglustjóra.

11.2. Gerð grein fyrir því hvernig íslensk stjórnvöld hafa unnið að framkvæmd ellefta áhersluþáttar

Reglulegir fundir þjóðaröryggisráðs hafa verið stopullir en gert var ráð fyrir er ráðið tók til starfa á öðrum ársfjórðungi ársins 2017. Veldur þar miklu að ákvæðið var um miðjan september 2017 að boða til þingkosninga, sem fóru fram 28. október 2017. Að loknum alþingiskosningum og myndun ríkisstjórnar í lok nóvember sama ár var óskað tilnefninga frá þingflokkum í samræmi við ákvæði 3. gr. laga um þjóðaröryggisráð. Tilnefningar frá þingflokkum bárust í byrjun mars 2018 og var í framhaldinu gengið frá skipun tveggja þingmanna í ráðið í mars 2018. Þjóðaröryggisráð hefur því verið fullskipað að nýju í samræmi við lög um þjóðaröryggisráð.

Þrátt fyrir röskun sem hefur verið á fundahaldi þjóðaröryggisráðs hefur verið unnið að útfærslu ýmiss konar verkefna sem miða að því að ráðið geti sinnt hlutverki sínu með skilvirkum og traustum hætti.

11.3. Nýjar upplýsingar sem kunna að varða framgang markmiða ellefta áhersluþáttar

Þriðji fundur þjóðaröryggisráðs var haldinn 9. maí 2018 og samþykkti ráðið starfsáætlun til tveggja ára. Fjórdi fundur þjóðaröryggisráðs var haldinn 24. september 2018.

Í þeim tilgangi að greiða fyrir störfum þjóðaröryggisráðs, einkum hvað varðar það hlutverk er snertir samráð og samhæfingu stjórnvalda um þjóðaröryggismálefni, hefur verið skipaður tengiliðahópur þjóðaröryggisráðs. Tengiliðahópurinn er skipaður tengiliðum allra ráðuneyta og stofnana, sem og opinberra hlutafélaga sem starfa á þeim sviðum er varða þjóðaröryggisstefnuna eða öryggi ríkisins og almennings og bera skyldur gagnvart þjóðaröryggisráði í samræmi við ákvæði 8. gr. laga um þjóðaröryggisráð sem er svohljóðandi: „Þjóðaröryggisráð getur kallað eftir skýrslum eða gögnum um atriði er varða þjóðaröryggi frá ráðuneytum, opinberum stofnunum eða opinberum hlutafélögum. Ráðuneyti, opinber stofnun eða opinbert hlutafélag skal tilkynna þjóðaröryggisráði án undandrátta um nýjar upplýsingar eða annað sem kann að varða þjóðaröryggisstefnuna eða öryggi ríkisins og almennings.“ Hlutverk tengiliða ráðuneyta stofnana eða opinberra hlutafélaga gagnvart þjóðaröryggisráði er að greiða fyrir upplýsingagjöf og skýrslugjöf til þjóðaröryggisráðs í samræmi við framangreint lagaákvæði og vera til samráðs og ráðgjafar eftir þörfum vegna undirbúnings funda þjóðaröryggisráðs og mótunar og framkvæmdar verkefna ráðsins.

Hafinn er undirbúningur að því að ráðið leggi mat á ástand og horfur í öryggis- og varnarmálum og skipaður sérstakur stýrihópur til þess að hafa yfirumsjón með því verkefni.

Unnið er að mótun þjóðaröryggisvísa í samvinnu við Hagstofu Íslands sem veita vísendingar um þróun og breytingar í samfélaginu sem snerta þjóðaröryggi eins og það er skilgreint á hverjum tíma. Þá hafa verið lögð drög að opnum málþingum um þjóðaröryggismál.

Starfsemi þjóðaröryggisráðs hefur, af framangreindum ástæðum, farið hægar af stað en gert var ráð fyrir í upphafi. Hins vegar liggur nú fyrir skýr niðurstaða ráðsins um hvernig unnið verði að þeim verkefnum sem ráðinu er ætlað að sinna og búið að koma á laggirnar mikilvægu samskiptaneti ráðsins við ráðuneyti, stofnanir og opinber hlutafélög.

Á vegum forsætisráðuneytisins er unnið að setningu reglugerðar um starfshætti þjóðaröryggisráðs o.fl.

11.4. **Nauðsynlegar umbætur á næstu 12 mánuðum við framkvæmd ellefta áhersluþáttar**

Unnið verður að því að koma á festu í starfsemi þjóðaröryggisráðs þannig að ráðið hittist eigi sjaldnar en ársfjórðungslega.

Stefnt er að því að mat þjóðaröryggisráðs á ástandi og horfum í öryggis- og varnarmálum verði birt í lok ársins 2018.

Stefnt er að því að frá og með febrúar 2019 verði lokið vinnu við mótun áhættuvísa og þjóðaröryggisvísa og að afrakstur slíkrar vinnu verði aðgengilegur Alþingi, stjórnvöldum og almenningi og verði hluti af árlegu mati þjóðaröryggisráðs á ástandi og horfum í öryggismálum.

Í lok nóvember 2018 verður haldið málþing þjóðaröryggisráðs í samvinnu við háskóla um fullveldi og þjóðaröryggi. Í byrjun næsta árs verður haldið málþing um fjölþáttaógnir (hybrid threats).